

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 10. apríl 2025.

Mál nr. 197/2024:

A og

B

(Auður Björg Jónsdóttir lögmaður)

gegn

Hundaræktarfélagi Íslands

(Jónas Friðrik Jónsson lögmaður)

og gagnsök

Lykilorð

Almennt félag. Miskabætur. Gagnsök.

Útdráttur

A og B höfðu mál til ógildingar á nánar tilteknum úrskurði síðanefndar H en til vara að áminning og refsikennnd viðurlög, sem hvorri þeirra um sig voru gerð, yrðu felld niður en að því frágengnu að viðurlögin yrðu milduð. Þá kröfðust þær jafnframt miskabóta. H áfrýjaði málinu fyrir sitt leyti og krafðist þess að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur um annað en fjárhæð málskostnaðar. Í héraði var H sýknað af kröfum A og B. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms var staðfest sú niðurstaða hans að úrskurður síðanefndar H yrði ekki felldur úr gildi á þeim grundvelli að réttra formreglna hefði ekki verið gætt við meðferð máls A og B fyrir nefndinni. Þá var jafnframt staðfest með vísan til forsendna sú niðurstaða dómsins að A og B hefðu gerst brotlegar gegn þeim reglum H sem forsendur dómsins tóku til og að þær hefðu gert það með þeim hætti sem þar væri rakið. Kom þá til skoðunar sá þáttur málsins er laut að viðurlögum sem A og B voru gerð í hinum téða úrskurði. Landsréttur taldi að ekki yrði annað ráðið af því sem lægi fyrir í málinu um úrskurðarframkvæmd síðanefndar H en að A og B hefðu verið ákvörðuð viðurlög sem væru langt umfram það sem fram að því hefði tíðkast. Alvarleiki brota A og B gæti ekki einn og sér skýrt þann mikla mun sem var á þeim viðurlögum sem þeim hefði verið gert að sæta og viðurlögum annarra félagsmanna. Taldi Landsréttur því að síðanefnd H hefði hvorki gætt að jafnræðisreglu 11. gr. stjórnisýslulaga né meðalhófsreglu 12. gr. laganna, sem samkvæmt reglum nefndarinnar giltu um meðferð mála fyrir henni. Það væri hins vegar ekki á færi dómstóla að taka nýja ákvörðun um hæfileg viðurlög til handa A og B og lét Landsréttur því við það sitja að fella úrskurðinn úr gildi að því er varðaði viðurlög. Loks var H gert að greiða A og B miskabætur vegna birtingar nafna þeirra í bráðabirgðaúrskurði síðanefndar H.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Jóhannes Sigurðsson og Kristinn Halldórsson og Eyvindur G. Gunnarsson, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Aðaláfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 11. mars 2024. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 2024 í málinu nr. E-[...]/2023.
- 2 Aðaláfrýjendur krefjast þess að úrskurður siðanefndar gagnáfrýjanda 25. janúar 2022 í máli nr. [...] /2021 verði ógiltur. Til vara gera aðaláfrýjendur þær kröfur að áminning og refsikennnd viðurlög, sem hvorri þeirra um sig voru gerð með úrskurði siðanefndar gagnáfrýjanda í fyrrgreindu máli, verði felld niður en að því frágengnu að viðurlögin verði milduð verulega. Þá krefjast aðaláfrýjendur þess að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða hvorri þeirra fyrir sig miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna. Að endingu krefst hvor aðaláfrýjenda fyrir sig málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu fyrir sitt leyti 29. maí 2024. Krefst hann þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um annað en fjárhæð málskostnaðar. Krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda vegna meðferðar málsins í héraði að fjárhæð 2.587.472 krónur með dráttarvöxtum frá 29. febrúar 2024 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi einnig málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Málsatvikum og málsástæðum aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Í köflum IV.2 og IV.3 í niðurstöðukafla dómsins er jafnframt lýst grundvelli starfsemi gagnáfrýjanda, eðli félagsins og markmiðum þess.
- 5 Eins og af framangreindu má ráða höfðuðu aðaláfrýjendur mál þetta til ógildingar á úrskurði siðanefndar gagnáfrýjanda 25. janúar 2022 í máli nr. [...] /2021. Til vara hafa aðaláfrýjendur krafist þess að áminning og refsikennnd viðurlög, sem hvorri þeirra um sig voru gerð í úrskurðinum, verði felld niður, en ella verði viðurlögin milduð verulega. Viðurlög samkvæmt úrskurðinum voru nánar þau að aðaláfrýjendur voru áminntar, þeim var vísað úr gagnáfrýjanda í fimmtán ár og þær útilokaðar frá allri þátttöku í starfi félagsins á sama tímabili. Aðaláfrýjendur voru enn fremur sviptar ræktunarnafninu H og útilokaðar frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini frá gagnáfrýjanda í fimmtán ár. Með hinum áfrýjaða dómi var gagnáfrýjandi sýknaður af kröfum aðaláfrýjenda og þeim gert að greiða félaginu 900.000 krónur í málskostnað.
- 6 Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi nær valdsvið dómstóla samkvæmt meginreglum félagaréttar til þess að skera úr um hvort formreglum, sem gilda um almennt félag, eins og gagnáfrýjandi er, hafi verið fylgt við brottrekstur úr félaginu og beitingu annarra viðurlaga gagnvart félagsmanni. Svipuð sjónarmið eru talin eiga við um efni ákvörðunar sem tekin er innan slíks félags og verður ákvörðun að eiga sér stoð í samþykktum félagsins.

- 7 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er staðfest sú niðurstaða hans að úrskurður siðanefndar gagnáfrýjanda 25. janúar 2022 í máli nr. [...] /2021 verði ekki felldur úr gildi á þeim grundvelli að rétttra formreglna hafi ekki verið gætt við meðferð máls aðaláfrýjanda fyrir nefndinni. Jafnframt verður staðfest með vísan til forsendna sú niðurstaða dómsins að aðaláfrýjendur hafi gerst brotlegar gegn þeim reglum gagnáfrýjanda sem forsendur dómsins taka til og að það hafi þær gert með þeim hætti sem þar er rakið.
- 8 Kemur þá til skoðunar sá þáttur málsins er lýtur að viðurlögum sem aðaláfrýjendum voru gerð í úrskurði siðanefndar gagnáfrýjanda. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi nær valdsvið dómstóla samkvæmt meginreglum félagaréttar til þess að skera úr um hvort efnisreglum, sem gilda um starfsemi almenns félags, hafi verið fylgt við brottrekstur úr félaginu og beitingu annarra viðurlaga gagnvart félagsmanni. Fer um heimild til brottvísunar félagsmanns og heimild til að beita öðrum úrræðum gegn honum eftir samþykktum félagsins og öðrum félagsreglum. Verður ákvörðun félags um brottrekstur og önnur viðurlög að styðjast við slíka heimild og aðrar grunnreglur félagaréttar. Brottvísun félagsmanns úr almennu félagi, sem og önnur viðurlög á hendur honum, eru því að meginstefnu til á forræði félagsins sjálfs. Viðurlög verða aftur á móti að vera hófleg og fyrir þeim skýr heimild í samþykktum, auk þess sem beiting þeirra má ekki fara í bága við ófrávíkjanlegar réttarreglur.
- 9 Ákvæði um siðanefnd gagnáfrýjanda og agareglur sem nefndinni er heimilt að beita að tilteknum skilyrðum uppfylltum er að finna í 26. til 28. gr. í lögum gagnáfrýjanda. Í síðastnefnda ákvæðinu eru í sex tölulíðum talin upp þau viðurlög sem siðanefndin getur beitt vegna brota samkvæmt 27. gr. laganna. Heimil viðurlög eru meðal annars áminning, útilokun frá þátttöku í starfi gagnáfrýjanda að fullu eða í tiltekinn tíma, svipting ræktunarnafns, útilokun frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini gagnáfrýjanda í tiltekinn tíma eða að fullu og brottvísun úr félaginu að fullu eða í tiltekinn tíma. Þá er tekið fram í niðurlagi 28. gr. að siðanefnd sé heimilt við ákvörðun viðurlaga að líta til þess hvort félagsmaður, eða eftir atvikum heimilismenn hans, hafi á síðustu þremur árum fyrir uppkvaðningu úrskurðar sætt áminningu eða öðrum viðurlögum.
- 10 Í málinu liggja frammi reglur um meðferð mála fyrir siðanefnd gagnáfrýjanda, upphaflega samþykktar á fundi nefndarinnar 1. mars 2010 en yfirfarnar 12. maí 2020. Samkvæmt 19. gr. málsmeðferðarreglnanna gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um málsmeðferð fyrir siðanefndinni að öðru leyti en greinir í reglunum.
- 11 Í 13. gr. reglna um meðferð mála fyrir siðanefnd gagnáfrýjanda er mælt fyrir um að komist siðanefndin að þeirri niðurstöðu að félagsmaður hafi ekki hagað sér í samræmi við lög eða reglur félagsins geti nefndin fundið að vinnubrögðum hans eða háttsemi eða veitt honum áminningu. Ef sakir eru miklar, eða félagsmaður hefur ítrekað sætt áminningu, getur siðanefndin, í rökstuddu álit, beitt viðurlögum, einum sér eða fleiri saman, allt eftir eðli máls. Meðal viðurlaga sem nefndinni er heimilt að beita

samkvæmt 13. gr. reglnanna eru þau viðurlög sem áður voru nefnd og talin eru upp í 28. gr. laga gagnáfrýjanda.

- 12 Samkvæmt framansögðu hafði siðanefnd gagnáfrýjanda heimild til þess að beita aðaláfrýjendum viðurlögum vegna brota þeirra á grundvelli 27. og 28. gr. laga félagsins og 13. gr. reglna um meðferð mála fyrir siðanefndinni. Eins og fyrr var getið kaus gagnáfrýjandi að haga málum svo að ákvæði stjórnarsýslulaga skyldu gilda um meðferð mála fyrir siðanefnd félagsins þegar ákvæðum málsmeðferðarreglna nefndarinnar sleppti. Samkvæmt því bar siðanefndinni við töku ákvörðunar um viðurlög aðaláfrýjenda að gæta samræmis og jafnræðis, sbr. 11. gr. stjórnarsýslulaga, og ekki fara strangar í sakirnar en nauðsyn bar til, sbr. 12. gr. sömu laga.
- 13 Í lögum gagnáfrýjanda og reglum um meðferð mála fyrir siðanefnd félagsins er ekki að finna ákvæði sem standa því í vegi að brotlegum félagsmönnum séu ákvörðuð viðurlög með þeim hætti að fyrst sé lagt mat á hvaða viðurlögum hvert brot varði og þau viðurlög síðan lögð saman. Aftur á móti verður ekki annað ráðið af því sem fyrir liggur í málinu um úrskurðarframkvæmd siðarnefndarinnar en að aðaláfrýjendum hafi í hinum umdeilda úrskurði verið ákvörðuð viðurlög sem verið hafi langt umfram það sem fram að því hafði tíðkast, en í þeim úrskurðum sem fyrir liggja í málinu og kveðnir höfðu verið upp áður en úrskurður í máli aðaláfrýjenda gekk, var viðurlögum markaður tími á bilinu sex til 24 mánuðir. Var þó í sumum þessara mála um ítrekuð brot félagsmanna að ræða, sem ekki á við um aðaláfrýjendur. Þá verður ekki séð að alvarleiki brota aðaláfrýjenda einn og sér geti skýrt þann mikla mun sem var á þeim viðurlögum sem þeim var gert að sæta og viðurlögum annarra félagsmanna. Að öllu þessu virtu þykir mega slá því föstu að við töku ákvörðunar um þau viðurlög sem aðaláfrýjendur skyldu sæta vegna brota sinna hafi siðanefnd gagnáfrýjanda hvorki gætt að jafnræðisreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga né meðalhófsreglu 12. gr. laganna, sem samkvæmt áðursögðu giltu um meðferð mála fyrir nefndinni.
- 14 Eins og áður var rakið fer um heimild til brottvísunar félagsmanns í almennu félagi og heimild til að beita öðrum úrræðum gegn honum eftir samþykktum félagsins og öðrum félagsreglum. Á það undir valdsvið dómstóla samkvæmt meginreglum félagaréttar að skera úr um hvort efnisreglum, sem gilda í almennu félagi, hafi verið fylgt við brottrekstur úr félaginu og beitingu annarra viðurlaga gagnvart félagsmanni. Það breytir því aftur á móti ekki, sem áður hefur verið vikið að, að brottvísun félagsmanns úr almennu félagi og önnur viðurlög sem honum eru gerð, eru að meginstefnu til á forræði félagsins sjálfs. Samkvæmt því og með vísan til meginreglu 74. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eru dómstólar ekki til þess bærir að taka nýja ákvörðun um hæfileg viðurlög til handa aðaláfrýjendum. Verður því í dómsorði að láta við það sitja að fella úrskurð siðanefndarinnar úr gildi um viðurlög aðaláfrýjenda. Af því og öðru framangreindu leiðir að það heyrir undir siðanefnd gagnáfrýjanda að taka nýja ákvörðun um viðurlög

aðaláfrýjenda, að gættum samþykktum félagsins, öðrum félagsreglum og ófrávíkjanlegum réttarreglum.

- 15 Hvor aðaláfrýjenda um sig krefst miskabóta úr hendi gagnáfrýjanda. Þær kröfur eru annars vegar gerðar á þeim grunni að ekki hafi verið heimilt að kveða upp bráðabirgðaúrskurð í máli þeirra, svo sem siðanefnd gagnáfrýjanda hafi gert 20. ágúst 2021. Úrskurðurinn hafi því verið ólögmaður. Hins vegar eru miskabótakröfur aðaláfrýjenda á því reistar að við birtingu úrskurðarins hafi siðanefnd gagnáfrýjanda ekki gætt leyndar um nöfn þeirra, eins og henni hafi borið að gera samkvæmt 18. gr. reglna um málsmeðferð fyrir nefndinni.
- 16 Ákvæði 27. gr. laga gagnáfrýjanda hefur meðal annars að geyma heimild til handa siðanefnd félagsins til að kveða upp úrskurði til bráðabirgða. Segir þar nánar að siðanefnd geti úrskurðað í málum til bráðabirgða samkvæmt kröfu málsaðila ef ríkar ástæður eru til þess að mati nefndarinnar. Gilda bráðabirgðaúrskurðir í tiltekinn tíma, að hámarki þrjá mánuði.
- 17 Með bráðabirgðaúrskurði siðanefndar gagnáfrýjanda í máli aðaláfrýjenda voru þær útilokaðar frá allri þátttöku í starfi gagnáfrýjanda og til að gegna dómastörfum eða öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið í þrjá mánuði frá birtingu úrskurðarins. Aðaláfrýjendum var jafnframt bannað að nota ræktunarnafnið H og þær útilokaðar frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini gagnáfrýjanda á sama tímabili. Þegar það er virt sem upplýst var um málsatvik við uppkvaðningu úrskurðarins verður að telja að siðanefndin hafi í úrskurðinum verið innan heimilda sinna samkvæmt fyrrgreindu ákvæði 27. gr. laga gagnáfrýjanda.
- 18 Samkvæmt 18. gr. reglna um meðferð mála fyrir siðanefnd gagnáfrýjanda skal að jafnaði gæta nafnleyndar við birtingu úrskurða nefndarinnar. Ef sérstök rök mæla gegn því skal birta nöfn aðila og er aðilum heimilt að setja fram kröfur þess efnis að nafnbirting fari fram og skal slík krafa vera rökstudd.
- 19 Svo sem að framan er rakið er það meginregla við birtingu úrskurða siðanefndar gagnáfrýjanda að nafnleyndar skuli gætt. Í ljósi þess verður að telja að almennt sé sérstaklega rík ástæða til þess að gæta nafnleyndar við birtingu bráðabirgðaúrskurða, enda mál þá að jafnaði enn til rannsóknar og ekki að fullu upplýst. Þer bráðabirgðaúrskurður í máli aðaláfrýjenda og þau gögn sem aflað var eftir uppkvaðningu hans þess merki að svo hafi háttað til í þeirra tilviki. Af úrskurðinum verður ekki ráðið að sérstök krafa hafi komið fram af hálfu stjórnar gagnáfrýjanda um að nöfn aðaláfrýjenda yrðu birt eða eftir atvikum að slík krafa hafi verið sérstaklega rökstudd. Þá verður heldur ekki séð að aðaláfrýjendum hafi gefist kostur á að tjá sig um þá fyrirætlan siðanefndar að birta nöfn þeirra, svo sem rétt hefði verið, sbr. 19. gr. málsmeðferðarreglna nefndarinnar og 13. gr. stjórnarsýslulaga. Samkvæmt öllu þessu þykir siðanefnd gagnáfrýjanda hafa, með því að gæta ekki nafnleyndar aðaláfrýjenda við birtingu bráðabirgðaúrskurðar nefndarinnar, sýnt af sér ólögmeta meingerð gegn

æru og persónu aðaláfrýjenda í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Birting nafna aðaláfrýjenda í tengdu máli á heimasíðu héraðsdómstólanna, sem vísað hefur verið til af hálfu gagnáfrýjanda, getur engu breytt um þá niðurstöðu. Aðaláfrýjendur eiga því rétt á miskabótum úr hendi gagnáfrýjanda sem að málsatvikum öllum virtum þykja hæfilega ákveðnar, til hvorrar þeirra fyrir sig, 200.000 krónur.

- 20 Eftir úrslitum málsins og að virtum öllum atvikum þess þykir rétt með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 að gera gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjendum, hvorri fyrir sig, hluta málskostnaðar þeirra í héraði og fyrir Landsrétti með þeim hætti sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákvæði úrskurðar siðanefndar gagnáfrýjanda, Hundaræktarfélag Íslands, 25. janúar 2022 í máli nr. [...] /2021, um viðurlög aðaláfrýjenda, A og B, eru felld úr gildi.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum, hvorri fyrir sig, 200.000 krónur í miskabætur.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum, hvorri fyrir sig, 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 2024

I

Mál þetta, sem var dómtekið 22. janúar 2024, er höfðað með stefnu birtri 13. janúar 2023. Stefnendur eru A, [...], og B, [...]. Stefndi er Hundaræktarfélag Íslands, Síðumúla 35, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru í fyrsta lagi að ógiltur verði með dómi úrskurður siðanefndar stefnda í máli nr. [...] /2021 frá 25. janúar 2022. Til vara að áminning og refsikennd viðurlög sem stefnendum voru gerð með úrskurði siðanefndar stefnda í máli nr. [...] /2021 frá 25. janúar 2022 verði felld niður en til þrautavara milduð verulega. Í öðru lagi er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum hvorri um sig miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna vegna ólögmeats bráðabirgðaúrskurðar í máli nr. [...] /2021 frá 20. ágúst 2021 sem og vegna nafnbirtingar í úrskurði siðanefndar. Þá gera stefnendur hvor um sig kröfu um greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda, auk greiðslu málskostnaðar.

II

Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) er almennt félag sem stofnað var árið 1981 og starfar samkvæmt reglum settum af félagsmönnum. Stefnendur hafa með höndum hundarækt, sem hefur verið auðkennd með ræktunarnafninu H.

Þann 30. júní 2021 beindi stjórn HRFÍ kæru til siðanefndar félagsins, en stjórnin taldi að stefnendur, sem á þeim tíma voru félagsmenn í HRFÍ, hefðu brotið gegn lögum og reglum félagsins. Undir meðferð málsins, sem hlaut málsnúmerið [...] /2021, kvað siðanefndin upp bráðabirgðaúrskurð hinn 20. ágúst 2021. Úrskurðurinn var tímabundinn og féll úr gildi þann 20. nóvember 2021.

Vegna þess vafa sem kominn var upp um réttmæti ættbókarskráninga gots undan tíkinni I og Í, svonefnds Q-gots, var farið fram á það við stefnendur að mætt yrði með tiltekna hunda í DNA-sýnatöku á grundvelli heimildar í 4. gr. reglna um skráningu hunda í ættbók. Margvísleg samskipti áttu sér stað á milli stjórnar stefnda og stefnenda í því skyni að framkvæma sýnatökur, en ljóst er að erfiðlega gekk að fá

boðaða hunda úr ræktun stefnenda til sýnatöku, eins og gerð er nánari grein fyrir í úrskurði siðanefndar. Hafði stefnandi, B, m.a. upplýst að ekki væri hægt að fá sýni úr tókinni I þar sem hún hefði verið slegin af hrossi, dáið samstundis og farið hefði verið með hræið af henni til urðunar í Álfsnesi. Síðar kom í ljós að þessar upplýsingar voru ekki réttar samkvæmt upplýsingum frá eiganda I.

Matís ohf. (Matís) skilaði stefnda niðurstöðum úr foreldragreiningu þann 21. maí 2021. Um var að ræða níu sýni, þ.e. úr hundunum Í, J og hvolpum úr Q-, V- og W-gotum. Fram kom í bréfi Matís að ekki hefði verið hægt að fá sýni úr mæðrum gotanna en markmið rannsóknarinnar hefði verið að kanna hvort einstaklingar úr V- og W- gotum væru sammæðra einstaklingum úr Q-goti. Niðurstaða rannsóknar Matís, þar sem notuð voru 23 erfðamörk, hefði verið sú að einstaklingar úr Q-goti gætu ekki verið sammæðra einstaklingum úr V- og W-gotum.

Með bréfi stefnda til stefnenda þann 8. júní 2021, voru stefnendur upplýstar um þá niðurstöðu Matís að svokölluð V- og W-got væru sammæðra en svokallað Q-got væri ekki undan sömu móður. Þannig gætu gotin þrjú sem skráð væru undan I ekki verið undan sömu móður og því væri ljóst að ættbókskráning eins, tveggja eða allra gotanna væri röng. Þar sem ekki hefðu fengist sýni úr skráðri móður væri ómögulegt að ganga úr skugga um hvort tókin væri móðir einhverra þessara þriggja gota. Þá var tilkynnt að vegna þessara óvissu yrði að ógilda ættbækur skráðra afkvæma I og hvolpar undan afkvæmum I yrðu færðir úr ættbók í sérstakan viðauka. Fram kom að þær ákvarðanir yrðu endurskoðaðar ef ætterni hundanna yrði síðar staðfest með óyggjandi hætti. Jafnframt sagði að málið yrði sent siðanefnd félagsins til meðferðar.

Þann 21. júní 2021 barst stefnda bréf frá eiganda I. Kom m.a. fram í svari eigandans að tókin I væri enn þá lifandi, til hefði staðið að aflífa hana vegna veikinda en henni hefði síðan batnað. Kvaðst eignandinn hafa látið taka DNA-sýni úr tókinni og myndi tilkynna viðtakendum niðurstöður þegar þær lægju fyrir.

Þann 30. júní 2021 beindi stjórn stefnda kæru til siðanefndar félagsins. Siðanefnd upplýsti stefnendur um framkomna kæru og veitti þeim frest til 2. ágúst 2021 til að koma að sjónarmiðum sínum. Þann 27. júlí bárust siðanefnd andmæli stefnenda þar sem kæru stjórnar var mótmælt. Eins og fyrr segir kvað siðanefnd upp bráðabirgðaúrskurð skv. 26. gr. laga HRFÍ þann 20. ágúst 2021 þar sem stefnendur voru sviptar tilteknum félagsréttindum í allt að þrjú mánuði.

Við meðferð málsins hjá siðanefnd ákvað nefndin að ráðast í frekari gagnaöflun vegna málsins. Var lagt fyrir stefnendur að koma m.a. með tókina I til sýnatöku að Dýraspítalanum í Víðidal þann 9. september 2021. Matís yrði falið að framkvæma foreldragreiningu með því að bera greiningar saman við sýni úr hvolpum í Q-gotum, sbr. niðurstöðu Matís frá 21. maí 2021, til staðfestingar á því hvort og þá í hvaða gotum I væri móðir.

Með bréfi Matís, dags. 4. október 2021, var upplýst um niðurstöðu erfða- og foreldragreiningar og spurningum siðanefndar svarað. Þar kom fram að einstaklingar úr Q-goti væru ekki undan I, en ekkert mælti gegn því að Í væri faðir gotsins. Tók Matís fram að þessar niðurstöður væru í samræmi við greiningar Matís frá 21. maí 2021. Jafnframt kom fram að tölfræðilegar líkur, samkvæmt forritinu Cervus, sýndu að útreiknaðar líkur á réttmæti niðurstöðu í öllum þremur gotunum væru 99% eða meiri. Þessu til viðbótar kom fram í bréfi Matís um möguleg áhrif stökkbreytinga á niðurstöður að stökkbreytingar í erfðamengi spendýra væru mjög sjaldgæfar. Til að gefa tölulegt mat, með vísan til ritrýndrar vísindagreinar, væri tíðni slíkrar stökkbreytingar metin 0,0000000022 á hverju sæti í erfðamengi á ári. Miðað við það væru líkur á stökkbreytingu sem hefði áhrif á niðurstöðu úr goti, sem vísað væri til í bréfi Matís þann 31. ágúst 2021, hverfandi litlar. Framangreindar niðurstöður Matís voru sendar aðilum og einnig DNA-próffilar sem notaðir voru til grundvallar rannsókn Matís.

Þann 25. janúar 2022 kvað siðanefndin upp nýjan úrskurð í máli nr. [...] /2021 þess efnis að stefnendur hefðu brotið gegn ýmsum ákvæðum laga og reglna HRFÍ og voru þeim gerð viðurlög skv. 28. gr. laga félagsins.

Samkvæmt úrskurði siðanefndar, dags. 25. janúar 2022, fólust brot stefnenda m.a. í því að hafa vísitandi skráð ranga ræktunartík á pörunarvottorð og einnig í umsókn um skráningu svonefnds Q-gots í ættbók félagsins. Auk þess var talið að brotin hefðu falist í því að hafa ekki upplýst um hver hefði verið

móðir umrædds gots. Þá hefðu stefnendur ekki sinnt þeirri skyldu að mæta með tiltekna hunda í sýnatöku að kröfu félagsins og neitað að veita félaginu umbeðnar upplýsingar eða veitt rangar upplýsingar.

Var það niðurstaða siðanefndar að stefnendur hefðu gerst uppvísar að stórfelldum brotum gegn hagsmunum félagsins og hæfileg félagsviðurlög væru samtals 15 ára brottvísun og útilokun úr starfi félagsins, svipting á ræktunarnafninu H og rétti til að fá afhent ættbókarskírteini í sama tíma og einnig áminning. Í úrskurði siðanefndar var tekið fram að brot kærðu í forsendum og úrskurðarorði væru heimfærð undir þá útgáfu reglna um skráningu í ættbók og grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ sem voru í gildi þegar viðkomandi háttsemi kærðu samkvæmt hverjum lið kærunnar átti sér stað.

Við aðalmeðferð málsins gáfu stefnendur, A og B, aðilaskýrslur. Skýrslu vitnis, gaf E. Verður framburði þeirra lýst í niðurstöðum dómsins eftir því sem tilefni gefst til.

III

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnenda

Stefnendur telja að stjórn stefnda hafi ekki verið hæf til að vera aðili að máli hjá siðanefndinni, með sömu rökum og komu fram í úrskurði Landsréttar í máli nr. 58/2022, þar sem stjórn stefnda taldist ekki hafa aðildarhæfi að einkamálalögum. Þá sé siðanefndin ekki hlutlaus gagnvart stjórninni þar sem siðanefndin sé kosin af stjórninni, auk þess sem C hafi ekki verið kosinn á félagsfundi til setu í siðanefndinni. Þá falli utan verksviðs stjórnar stefnda að kæra félagsmenn til siðanefndar. Hlutverk stjórnar sé tilgreint í 11. gr. laga Hundaræktarfélags Íslands. Stjórnin hafi því farið út fyrir verksvið sitt þegar hún kærði stefnendur til siðanefndar og úrskurður stjórnar sé af þeim sökum ógildur. Þá beri siðanefndinni samkvæmt 19. gr. málsmeðferðarreglna að fara að reglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sé ekki annað sérstaklega tekið fram. Telja stefnendur að brotið hafi verið gegn meðalhófsreglu, rannsóknarreglu og jafnræði og refsing og málsmeðferð hafi ekki verið í samræmi við fyrri úrskurði siðanefndarinnar. Þá hafi siðanefndin ekki farið eftir 2. gr. málsmeðferðarreglna siðanefndarinnar um hlutleysi, auk þess sem brotið hafi verið gegn 3. gr. um að jafna ágreining á milli aðila og gegn 6. gr. um að kærandi verði að vera persóna að lögum. Því hafi kærunefnd borið að vísa kærinni frá.

Stefnendur telji sig saklausar þar sem stökkbreyting hafi orðið í erfðamengi einhverra hvolpa undan I, þ.e. í svokölluðu Q-goti. Eigandi tíkarinnar hafi staðfest að tíkin hafi sannanlega fætt þá hvolpa sem um ræði í málinu. Ekkert hafi komið fram í málinu sem gefi til kynna að móðir hvolpanna sé önnur en I. Ekkert sé komið fram um að brotið hafi verið gegn gr. 1.2 í reglum um skráningu í ættbók. Báðir foreldrar hafi verið af sama viðurkennda hundakyni. Því hafi verið óheimilt að ógilda ættbókarskírteini hundanna og afskrá þá úr ættbók skv. gr. 1.5.

Stefnendur byggja á því að D, eigandi I, beri ábyrgð á réttmæti skráningar í pörunarvottorði en ekki stefnendur. Vísa stefnendur til 4. mgr. 8. gr. um að hvert ræktunarnafn skuli skráð á nafn eins einstaklings sem beri ábyrgð á notkun þess gagnvart stefnda og FCI. Stefnandi, A, sé skráð fyrir ræktunarnafninu H. Því beri að sýkna stefnanda, B, af ávirðingum stefnda, enda sé hún ekki eigandi ræktunarinnar hvað sem líði ógildingu úrskurðar gagnvart A.

Stefnendur telja að engin refsheimild sé í reglum um skráningu ættbóka.

Stefnendur hafna því að hafa brotið gegn skyldum ræktanda til að mæta með hundana J og I til sýnatöku. Hvorug stefnenda átti eða hafði umráð yfir umræddum hundum. I sé í eigu D. J sé í sameiginlegri eigu umræddrar D og stefnanda, A, en hafi verið á fódursamningi hjá þriðja aðila. Stefnendur hafi því ekki mátt ætla að eigandi I segði ekki satt um að tíkin væri dauð. Þá hafi verið hlutast til um að farið yrði með hana í sýnatöku þegar það lá fyrir að hún var í raun á lífi. Hafi þannig ekkert brot átt sér stað og stefnendur geti ekki tekið fram fyrir hendurnar á eigendum hunda og farið með þá í sýnatöku. Telja stefnendur rangt hjá siðanefnd að sýnt hafi verið fram á að stefnendur hafi frá öndverðu vitað að Q-gotið hefði verið ranglega mæðrað. Þá sé ekki rétt að meta sakir stefnenda sameiginlega eins og gert hafi verið.

Þá sé það fráleit krafa af hálfu siðanefndar að stefnendum beri að sýna fram á að þær hafi verið í góðri trú um réttmæti yfirlýsingar D enda sé augljóslega ekki hægt að sanna það með beinum hætti. Telja stefnendur þessa öfugu sönnunarbyrði í máli þar sem þær eru beittar refsikenndum viðurlögum siðanefnd ekki til sóma og brot gegn almennum sönnunarreglum og sakarmati í sakamálum.

Þá benda stefnendur á 4. gr. reglnanna þar sem segi að stjórn stefnda sé heimilt að setja ræktunarhund eða afkvæmi hans í ræktunar- og sýningarbann þar til skyldunni til að koma með hund í sýnatöku hafi verið fullnægt. Stefndi hafi á hinn bóginn brugðist við með því að ógilda ættbækur tuga hunda og siðanefnd hafi kveðið upp úrskurð með refsikenndum viðurlögum á hendur stefnendum báðum. Telja stefnendur ekki skilyrði til beitingar viðurlaga og þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnendur báðar af þeim kærulið sem hér um ræðir.

Stefnendur mótmæla því að neitun um að veita upplýsingar eða svara spurningum feli í sér brot á reglum félagsins. Stefnendur hafi ekki neitað að veita upplýsingar, auk þess sem ekki verði sagt að veita beri félaginu umbeðnar upplýsingar.

Stefnendur telja ekki unnt að veita áminningu fyrir að skrá rétt eignarhlutföll á hundi og skipti ekki máli þó að það sé gert eftir að hundur sé dauður. Reglur félagsins hafi ekki brotnar. Tilgangurinn hafi verið að tryggja réttum eignanda hundsins atkvæðisrétt.

Þá hafi stefnendur ekki gerst sekar um ummæli í garð framkvæmdastjóra félagsins með því sem fram kom í tölvupósti 16. apríl 2021.

Um viðurlög siðanefndar benda stefnendur á að ákvæði 27. gr. kveði á um að siðanefnd komi saman ef fyrir liggur skrifleg kæra og aðilar máls megi tjá sjónarmið sín fyrir nefndinni sem skuli leita sátta í þeim málum þar sem sakir eru miklar eða félagsmaður hefur ítrekað sætt áminningu, en úrskurða ella. Hafi stefndi talið meintar sakir miklar, eins og fram komi í bréfum stjórnar og úrskurði siðanefndar, hafi siðanefnd borið að leita sátta, en það hafi ekki verið gert og bresti því heimild til að kveða upp úrskurð samkvæmt skýru orðalagi ákvæðisins. Því beri að ógilda úrskurð siðanefndar stefnda.

Stefnendur telja að líta verði til þess að um refsingu sé að ræða, og því verði að gera ríkar kröfur til sönnunar um sekt, og að samræmis sé gætt í refsingum sem siðanefnd beiti félagsmenn sína. Stefnendur hafi ekki brotið reglur félagsins og eina mögulega brot gegn reglum stefnda geti verið röng skráning í ættbækur. Stefnendur hafi frá upphafi neitað sök er varðar ranga skráningu í ættbækur. Telja stefnendur ekki unnt að beita hámarksrefsingu og öllum mögulegum viðurlögum, á stefnendur, hvað þá þær báðar og án þess að sundurgreina þátt hvorrar um sig sérstaklega.

Stefndur telja að siðanefnd hafi getað látið nægja að finna að vinnubrögðum stefnenda eða háttsemi eða veitt þeim áminningu með heimild í 13. gr. málsmeðferðarreglna siðanefndar.

Telji dómurinn sannað að stefnendur hafi hvor um sig gerst brotleg við reglur stefnda beri að breyta úrskurði siðanefndar þannig að þær séu áminntar. Ekki sé tilefni til að beita öðrum viðurlögum. Skilyrði þess að beita öðrum viðurlögum séu samkvæmt 13. gr. að sakir séu miklar eða að félagsmaður hafi ítrekað sætt áminningu. Hvorugt eigi við í því tilvikum sem hér um ræðir. Vísa stefnendur til úrskurða siðanefndar í málum nr. 57/2010 og 2/2011 þar sem notkun á bækludum hundum til ræktunar og ónákvæm þörunarvottorð þóttu varða áminningu, sbr. einnig úrskurði í málum nr. 4/2010, 24/2011, 1/2013, 4/2013 og 16/2017 þar sem í öllum tilvikum var um að ræða brot gegn ræktunarreglum en viðkomandi ræktendur áminntir. Voru engir þeirra sviptir ræktunarnafni og engar ættbækur afturkallaðar. Í úrskurði siðanefndar í máli nr. 7/2017 hafi tók verið þöruð við rakka sem ekki hafði verið ættbókarfærður. Gotið var þannig blendingsræktun sem sé skýrt brot gegn grein 1.2 í lögum stefnda og 1. og 2. tölulið 2. gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn stefnda. Viðurlögin hafi verið áminning. Í máli nr. 16/2017 þar sem þörun fór fram án gildirar mjaðmaniðurstaðna og 30/2017 þar sem tókin var eldri en 7 ára og heilsufarsvottorðs ekki aflað fyrir þörun (álag á tók, dýraníð) var viðkomandi ræktandi látinn sæta áminningu.

Hér beri einnig að líta til ákvæða stjórnarskrár um atvinnu- og félagafrelsi en stefnandi, A, hafi atvinnu af ræktun hunda. Refsing stefnda sé því þung, að útloka hana frá starfi félagsins til 15 ára og svipta hana ættbókum og ræktunarnafni sínu. Þá er ítrekað að stefnandi, A, geti enga ábyrgð borið á þörunarvottorðunum eða ættbókunum. Til einskis væri auk þess að hafa reglur um að aðeins einn beri ábyrgð og tilgreina sérstaklega hver sá aðili er ef siðanefnd tekur sjálfstæðar ákvarðanir um hver beri ábyrgð á meintum brotum. A sé hvorki eigandi I né ræktandi Q-gotsins. Þá verði hvorug stefnenda sakfelld fyrir gáleysisbrot. Þær hafi verið í góðri trú um að I væri móðir gotsins, og standi raunar enn í þeirri trú. Hvorki sé heimild fyrir siðanefnd til að sakfella fyrir gáleysisbrot né á hlutlægum grundvelli.

Refsing stefnda hafi haft mikið tjón í för með sér fyrir stefnendur. Fjárhagslegt tjón sé fólgið í því að tapa nafni H ræktunar og mega hvorki rækta hunda né sýna. Stefnandi, A, sé búin að byggja upp ræktunarnafnið H frá árinu 1997 og fjöldinn allur af meisturum sé kominn úr ræktun hennar. Það sé ekki léttvæg refsing að vera rekin úr félagi og svipt ræktunarnafni sem búið er að byggja upp síðastliðin 25 ár. Það sem geri hvolpa eftirsóknarverða og að góðri söluvöru sé vinsælt og afkastamikið ræktunarnafn sem fólk þekki. Hundafólk þekki ræktunarnöfn og ræktendur af árangri á sýningum svo refsing er jafnvel harðari en aðili sem ekki þekkir til þessa heims myndi ætla. Sé því mikilvægt að refsing sé felld niður eða hún milduð verulega.

Samkvæmt forsendum úrskurðar síðanefndar eru stefnendur áminntar vegna tilkynningar um eigendaskipti á hundi eftir dauða hans og vegna ummæla um framkvæmdastjóra félagsins í tölvupósti. Með vísan til þess sem áður segi um að hin meintu brot falli ekki undir valdsvið síðanefndar og séu auk þess ekki brot gegn reglum félagsins og þaðan af síður brot sem áminningu geti valdið verði að ógilda áminningu stefnenda. Engin fordæmi séu fyrir því að stjórn stefnda kæri félagsmenn til síðanefndar fyrir tilkynningu um eigendaskipti eða fyrir ummæli í sinn garð.

Stefnendur telja ekki heldur skilyrði fyrir brottvísun og útilokun úr félaginu, en auk þess sé sá tími sem refsingunni sé markaður úr hófi fram og ekki í neinu samræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar.

Stefnendur telja að ekki fái staðist að leggja saman refsingar með þeim hætti sem gert hafi verið. Brot skv. kafla 5.2 í úrskurði sé þannig brottvísun og útilokun frá starfi félagsins í 8 ár, fyrir brot gegn kafla 5.3 í 5 ár og síðan brot skv. kafla 5.4 brottvísun frá starfi í tvö ár, samanlagt 15 ár.

Refsing geti aldrei orðið harðari en brottvísun og útilokun úr starfi í átta ár enda sé þá liðinn afmarkaður tími brottvísunar og útilokunar samkvæmt köflum 5.3 og 5.4. Þess utan sé sá tími sem um ræðir úr hófi langur og ekki í samræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar. Til samræmis er bent á mál nr. 29/2018 þar sem ræktandi viðurkenndi að hafa falsað vottorð sem dýralæknir gaf út og var vísað brott úr félaginu í 12 mánuði. Megi því ljóst vera að 8 eða 15 ára refsing sé langt úr hófi og eigi sér engin fordæmi.

Af úrskurðum síðanefndar megi sjá að mun alvarlegri brot en þau sem stefnendum eru gefin að sök varði almennt 6–8 mánaða brottvísun úr félaginu, sjá t.d. úrskurði í málum nr. 6/2011, 21/2012, 22/2012, 20/2013, 13/2015, 36/2016, 16/2018, 17/2020 og 22/2020. Í máli nr. 16/2018 hafi hjartveik tók í ræktunarbanni verið látin eiga got og lífi hennar teflt í alvarlega hættu en viðurlög þóttu hæfilega metin brottvikning í átta mánuði.

Engin fordæmi séu fyrir jafn harðri refsingu og hér um ræðir. Beri því að fallast á kröfu stefnanda um að fella niður brottvísun þeirra og útilokun í 15 ár en ella stytta verulega tímabilið sem um ræðir í samræmi við fyrri úrskurði. Eins og áður segir telja stefnendur þó að meint brot þeirra, í góðri trú, ætti aðeins að leiða til áminningar.

Stefndi svipti stefnendur ræktunarnafni með vísan til máls nr. 29/2018 en í því máli hafi ræktandi játað sök, ólíkt því sem hér um ræði. Taka stefnendur fram að tíkin sem stefndi byggir á að hafi verði ranglega skráð sem móðir Q-gots sé ekki í eigu stefnenda og verði stefnendum því ekki gerð refsing fyrir að taka eigandann trúanlegan um að tíkin hefði gotið enda hafi legið fyrir að hún ætti von á goti. Vilji svo ólíklega til að móðir sé í raun ekki móðir hvolpanna sem um ræðir hafi stefnendur verið grandlausar þar um og ekkert sé komið fram í málinu sem styður að svo hafi ekki verið. Allar skráningar hafi verið gerðar í góðri trú, engar falsanir fyrir hendi eins og í máli nr. 29/2018. Ekki séu því skilyrði til að svipta þær ræktunarnafni. Þá hafi verið um alvarlegri brot að ræða í þeim málum síðanefndar sem áður hafi verið nefnd og í engu þeirra hafi viðkomandi aðili verið sviptur ræktunarnafni. Hvað þá ræktunarnafni sem búið hafi verið að vinna að hörðum höndum við að skapa í yfir 25 ár. Beri því að fella niður sviptingu á ræktunarnafni. Til að beita jafn viðurhlutamiklu úrræði og að brjóta gegn atvinnu stefnanda þyrftu hin meintu brot að vera grófari auk þess sem ekki sé hafið yfir vafa í því tilviki sem hér um ræðir að stefnendur hafi gegn betri vitund rangfært tók á pörunarvottorð. Þá vísast til þess sem framan segir um að brotið ætti aðeins að leiða til áminningar eða í versta falli ætti að láta tímabundna brottvikningu og útskúfun duga.

Í 18. gr. málsmeðferðarreglna síðanefndar segir að nafnleyndar skuli að jafnaði gætt við birtingu úrskurða. Miðað við birta úrskurði á vefsíðu stefnda hafi sú regla í öllum tilvikum verið virt. Síðanefnd hafi allt að einu ákveðið að stefnendur skyldu ekki njóta nafnleyndar og rökstutt það með því að meint brot

þeirra hefðu haft þær afleiðingar að á þriðja tug ættbóka hefðu verið ógiltar eða færðar í viðauka um tíma. Virðist siðanefndin líta algjörlega fram hjá því að engin ástæða hafi verið til þess af hálfu stefnda að rjúka til og ógilda ættbækur enda hafi rannsókn leitt í ljós að ekkert var við skráningu að athuga í meirihluta tilvika og ættbækur skráðar að nýju. Þá er á því byggt í forsendum siðanefndar að stefnendur hafi verið nafngreindar í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur sem birtur hafi verið á vefsíðu dómstólsins. Geti það ekki talist sérstök rök sem mæli gegn því að stefnendur njóti nafnleyndar eins og aðrir. Stefnendur telja að ekki hafi verið tilefni til að víkja frá meginreglu um nafnleynd í úrskurðum siðanefndar stefnda. Um ólögmdæta meingerð gagnvart þeim hafi verið að ræða og með ákvörðun sinni og framgöngu hafi stefndi og siðanefnd gengið fram af slíkri hörku að veiti stefnendum rétt til miskabóta á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Eins og frammar greinir telja stefnendur að bráðabirgðaúrskurður hafi verið ólögmdætur og að hann bæri að ógilda ef gildistími hans væri ekki liðinn undir lok. Ekki sé hægt að fá til baka tímabilið sem stefnendur hafi báðar með ólögmdætum hætti verið útilokaðar frá allri þátttöku í starfi stefnda, og að gegna dómastörfum eða öðrum trúnaðarstörfum fyrir stefnda í þrjá mánuði en lögum félagsins samkvæmt megi ekki úrskurða um lengra tímabil til bráðabirgða. Sama tímabil hafi þeim verið óheimilt að nota ræktunarnafnið H og þær verið útilokaðar frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini.

Sökum þessa geri stefnendur kröfu um miskabætur úr hendi stefnda fyrir tjón sem þær urðu fyrir vegna hins ólögmdæta og ranga bráðabirgðaúrskurðar sem og vegna nafnbirtingar. Það sé furðulegt að siðanefnd hafi kosið að kveða upp bráðabirgðaúrskurð þegar málið var ekki fullrannsakað. Stefnendur telji ástæðuna augljóslega hafa verið þá að þannig mætti valda þeim sem mestu tjóni en úrskurður til bráðabirgða hafi verið birtur stefnendum kvöldið fyrir stóra sýningarhelgi sem búið var að undirbúa í lengri tíma og búið að undirbúa alla hunda fyrir og snyrta. Hafi tilgangurinn þannig augljóslega verið sá einn að særa stefnendur og skaða. Ekki hafi verið hægt að gera þetta með meira áberandi hætti af hálfu stefnda eða siðanefndar. Hafi reglur um meðalhóf að engu verið hafðar og í engu reynt að koma fram við stefnendur af virðingu, sem sé sérlega ámælisvert í ljósi þess að á þessu stigi hafði málið ekki verið fullrannsakað en rannsókn hafi leitt í ljós að meirihluti ásakana stjórnar stefndu hafi verið rangur. Í úrskurðinum hafi stefnendur verið taldar sekar um að hafa ranglega skráð foreldra í þremur gotum en rannsókn málsins hafi ekki verið lokið. Bráðabirgðaúrskurður á þessu stigi sé ekki í samræmi við reglur stefnda. Sé það reyndar í beinni andstöðu við málsmeðferðarreglur félagsins þar sem segir að þar til ræktandi fer með hund í umbeðna sýnatöku á grundvelli 4. gr. reglna um skráningu ættbókar megi setja viðkomandi hunda og/eða afkvæmi þeirra í ræktunar- og sýningarbann þar til sýnataka hefur farið fram.

Hafi þannig ekki verið skilyrði til að kveða upp bráðabirgðaúrskurð þar sem stefnendur voru beittar refsikenndum viðurlögum. Með þessu stofnist skaðabótaskylda af hálfu stefnda sem beri að bæta stefnendum miska þeirra af þessum völdum á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga en ljóst megi vera að það valdi almennt miska að hljóta refsingu sem þessa, einkum kvöldið fyrir sýningarhelgi, auk þess sem stefnendur áskilji sér rétt til að gera kröfu síðar um skaðabætur vegna fjártjóns. Hafi stefnendur verið niðurlægðar, brotnar og beygðar þegar þeim var meinað að mæta á löngu skipulagða hundasýningu. Þær hafi orðið fyrir heilsubresti auk þess sem þetta hafi beinlínis haft áhrif á lífslöngun þeirra og lífsgleði, og þá beið orðspor þeirra og æra hnekki.

Telja þær miskabætur vegna bráðabirgðaúrskurðar og nafnbirtingar hæfilega metnar 2.000.000 kr. Telja stefnendur bráðabirgðaúrskurðinn og nafnbirtinguna hvora um sig réttlæta miskabætur að fjárhæð 2.000.000 kr. en gera allt að einu aðeins kröfu um samtals 2.000.000 kr.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi tekur fram að HRFÍ sé almennt áhugamannafélag þar sem félagsmenn vinni saman að ófjárhagslegu markmiði og búi stefndi ekki við einkarétt af neinu tagi. Almenn félög byggja á því að félagsmenn stofna til félags með ákveðin markmið og mælt er fyrir um starfsemina í lögum og reglum félagsins. Slíkar reglur bindi félagsmenn innbyrðis og gagnvart félaginu og séu grundvöllur réttinda og skyldna í félagsstarfseminni. Með inngöngu og veru í félagi játist félagsmenn undir lög félagsins og skyldu til að fylgja þeim.

Stefndi byggir á því að rétturinn til að stofna félög og setja reglur um starfsemi þeirra og innri málefni, þ.m.t. félagsviðurlög ef brotið er gegn reglunum, sé varinn af 74. gr. stjórnarskrár. Jafnframt telur stefndi að þegar háttsemi félagsmanna brjóti gegn félagslögum beri að leysa úr slíkum málum á grundvelli félagsins samkvæmt þeim efnis- og formreglum sem þar gilda. Eingöngu komi til afskipta dómstóla ef félagsreglur eða framkvæmd þeirra brjóta gegn landslögum.

Stefndi bendir á að það sé lykilmarkmið í starfi stefnda að beita sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundakynja sem viðurkennd eru af FCI. Til að ná fram markmiðum sínum skrái stefndi hreinræktaða hunda í ættbók félagsins skv. reglum sem stjórn félagsins setur. Ættbók félagsins sé gagnagrunnur um skráða hreinræktaða hunda og sé eign félagsins. Ættbókarskráningin byggist á upplýsingum frá ræktendum og því sé lögð rík áhersla á að ræktendur láti í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf. Jafnframt undirgangist félagsmenn þá skyldu að rækta hvorki né selja óættbókarfærða hunda og þurfi þeir að afhenda ættbókarskírteini með seldum hvolpum. Skráningu í ættbók sé ætlaður sá tilgangur að staðfesta ættir hunds og uppruna og sé slík upplýsingasöfnun mikilvægur grundvöllur að ræktun hundakyns til lengri tíma. Stefndi gefi út ættbókarskírteini sem afhent séu ræktendum og/eða eigendum hunda (sem í daglegu tali er stundum vísað til sem ættbókar hundsins). Ættbókarskírteini sé vottorð sem staðfesti fyrst og fremst ættir hunds og uppruna. Komi í ljós að upplýsingar um ætterni hunds í ættbók séu ekki réttar sé grundvöllur slíks vottorðs brostinn. Réttmæti ættbóka hafi því grundvallarþýðingu í starfsemi stefnda og hvers konar röng skráning í ættbók á grundvelli rangra upplýsinga sé í andstöðu við markmið stefnda og til þess fallin að skaða traust á bæði réttmæti ættbókarinnar og félaginu. Þá hafi röng skráning á undaneldisdýri áhrif á afkvæmi þess og got undan afkvæmum. Vegna þessa sé það grundvallarforsenda í starfsemi félagsins að ræktendur veiti félaginu efnislega réttar upplýsingar um ræktun í pörunarvottorðum. Þá séu lagðar ríkar skyldur á ræktendur til að veita stefnda upplýsingar og mæta með hunda í sinni eigu og ræktun í sýnatöku sé eftir því leitað.

Stefndi tekur fram að einungis einstaklingar en ekki lögaðilar geti verið skráðir fyrir ræktunarnafni. Allt að þeir ræktendur geti verið í samtarfi undir einu ræktunarnafni og slíti þeir samstarfi þurfi þeir að tilkynna slíkt og staðfesta skriflega ef einn eða fleiri samstarfsaðilar verða áfram réttthafar ræktunarnafns, en að öðrum kosti verði það ekki notað áfram, sbr. grein 8.4 í reglum um skráningu í ættbók. Þegar fleiri en einn ræktandi starfi saman undir ræktunarnafni sé einn aðili sérstaklega ábyrgur fyrir því að reglum sé fylgt og er hann skráður fyrstur í röð ræktenda í innsendum gotskráningargögnum, sbr. grein 8.4. Slík tilgreining leysi hins vegar meðræktendur ekki undan ábyrgð sem ræktendur, enda sérstaklega tiltekið í reglunum að þær gildi eftir því sem við á jafnt um þann sem skráður er sérstaklega ábyrgur fyrir ræktun og aðra sem aðild eiga að því, sbr. grein 8.14. Það liggja fyrir að stefnendur voru báðar skráðar réttthafar ræktunarnafnsins H hjá stefnda, en B var skráð meðeigandi þess og allra hunda í eigu A árið 2014. Jafnframt hafi þær báðar verið tilgreindar á heimasíðu H ræktunar árin 2018 og 2020 sem eigendur ræktunarnafnsins. Þá sé einnig ljóst að stefnandi, B, kom fram gagnvart stefnda og fleirum sem ræktandi undir ræktunarnafninu H, m.a. í samskiptum sem liggja til grundvallar úrskurði siðanefndar. Hafi B ritað undir pörunarvottorð vegna allra þriggja gota sem til skoðunar komu í málinu sem meðræktandi. Þá hafi B svarað upplýsingabeiðni stefnda til H ræktunar frá 14. apríl 2021 með tölvupósti sama dag, þar sem hún upplýsti um andlát og urðun tíkarinnar I og gerði athugasemdir við upplýsingaöflun félagsins. Jafnframt hafi B sent tölvupóst til félagsins fyrir stefnendur, þann 16. apríl 2021, sem hófst á orðunum „*Vegna mála er snúa að ræktun okkar, H ræktun*“. Til viðbótar liggja fyrir upplýsingar frá F um fyrirsvor B vegna sölu til hennar á hundinum [...] (úr Q-goti). Jafnframt hafi B komið að öflun samþykkis eigenda hvolpa úr Q-goti fyrir „ættleysi“ þeirra.

Með vísan til framangreinds tekur stefndi undir niðurstöður siðanefndar um að stefnandinn B hafi verið ræktandi undir ræktunarnafninu H, þ.m.t. að Q-gotinu, ásamt stefnandanum A.

Stefndi mótmælir því að siðanefndarmálið sé uppspuni eða að það sé til komið vegna athugasemda stefnanda, B, í garð fyrrverandi formanns félagsins. Bendir stefndi á kenning stefnanda hafi komið fram eftir að bráðabirgðaúrskurður siðanefndar gekk í málinu, enda ekki minnst á hana í greinargerð stefnanda til siðanefndar, dags. 25. júlí 2021. Þá telur stefndi einnig að stefnendur ráðist með einhliða og

ósönnuðum aðdróttunum á ósmekkleigan hátt gegn einstaklingi sem ekki sé aðili að málinu. Slíkt hljóti að koma til skoðunar skv. 135. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi tekur fram að reglur sakamálaréttarfars og refsiréttarsjónarmiða eigi ekki við í máli á vettvangi almenns félagaréttar. Stefndi sé áhugamannafélag og um hann gildi einkaréttarlegar reglur. Stefndi fari ekki með opinbert vald og því eigi reglur stjórnarsýsluréttarins ekki við nema að því marki sem vísað sé til þeirra í félagsreglum.

Stefndi byggir á því að stefnendur hafi borið ábyrgð á Q-goti I sem ræktendur, en ekki D. Stefndi vísar til greinar 2.1 í reglum um skráningu í ættbók þar sem mælt sé fyrir um ættbókarskráningu hvolpa. Þar komi fram að ræktandi gots sé eigandi tíkar eða sá aðili sem sannanlega átti rétt til undaneldis við þörun tíkarinnar. Jafnframt segir að einungis ræktandi geti sótt um ættbókarskráningu hvolpa, en það sé gert með svokölluðu þörunarvottorði, sbr. greinar 7.1 og 7.2 í reglunum. Tíkin I hafi komið frá H ræktun og verið seld til áðurnefndrar D. Samkvæmt kaupsamningi, dags. 8. ágúst 2013, hafi stefnandinn A og H ræktun engu að síður átt allan ræktunarrétt undan tíkinni. Þá beri þörunarvottorð vegna gota tíkarinnar þessu vitni, þ.m.t. vegna Q-gotsins. Á öllum vottorðunum séu stefnendur tilgreindar sem ræktandi og meðræktandi. Séu vottorðin undirrituð af stefnendum að viðlögðum drengskap og til staðfestingar á ýmsum upplýsingum og þekkingu þeirra á reglum félagsins. Stefndi telur því ljóst að stefnendur hafi verið ræktendur þriggja gota er þær skráðu undan I, þ.m.t. Q-gots, og beri ábyrgð sem slíkir skv. lögum og reglum félagsins. Stefndendur geti ekki komið sér undan ábyrgð sinni með staðlausum staðhæfingum um að D hafi í raun borið ábyrgð á Q-goti tíkarinnar I gagnvart stefnda.

Stefndi mótmælir málsástæðum stefnenda um formgalla á úrskurði siðanefndar. Stefndi vísar til kæruheimildar stjórnar í 27. gr. laga HRFÍ, en þar segir að siðanefnd komi saman ef fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra „frá félagsmanni eða stofnun innan HRFÍ“. Með hugtakinu „stofnun“ sé átt við sérhverja starfseiningu sem starfi innan félagsins. Stjórn HRFÍ falli þar undir, og ákvæðinu hafi verið framfylgt þannig. Varðandi tilvísun stefnenda til 11. gr. laga HRFÍ verði ekki litið svo á að í liðum a–h í 2. mgr. sé tæmandi upptalning á verkefnum stjórnar, enda fari hún með málefni félagsins á milli félagsfunda. Þá sé upptalning í áðurnefndu ákvæði til viðbótar við það sem kveðið sé á um í lögum félagsins, þ.m.t. kæruheimild í 27. gr. laganna. Að lokum telur stefndi að kröfur einkamálalaga um aðildarhæfi í dómsmálum hafi ekki víðtækari skírskotun en þar um ræðir, þ.e. mæli fyrir um hverjir geti sótt rétt eða hverjum verði gert að þola skyldu að landslögum fyrir dómstólum.

Þá telur stefndi siðanefnd sjálfstæðan og hlutlægan úrskurðaraðila, sbr. 27. gr. laga HRFÍ. Um sé að ræða sjálfstæða starfseiningu innan félagsins hliðsetta stjórn þess. Hlutleysi siðanefndar gagnvart stjórn sé tryggt með því að siðanefnd sækji umboð sitt til félagsmanna og stjórnarmenn geti ekki setið í siðanefnd. Þá sé í lögum félagsins mælt skýrlega fyrir um hlutverk siðanefndar og settar hafi verið sérstakar málsmeðferðarreglur um störf hennar. Að mati stefnda breyti engu um hlutleysi nefndarinnar þótt hún hafi aðsetur í húsnæði félagsins, enda sé hún hluti af innra skipulagi þess. Stefndendur geti ekki, frekar en aðrir félagsmenn, vikið sér undan lögsögu siðanefndar með almennum athugasemdum um lögbundið fyrirkomulag nefndarinnar. Hvað varðar aðkomu C lögmanns að nefndinni hafi hann verið kallaður til af siðanefnd samkvæmt heimild í 27. gr. laga félagsins.

Stefndi telur rannsóknarreglu hafa verið uppfyllta. Fyrir siðanefnd hafi legið niðurstaða Matís frá 21. maí 2021. Stefndi byggir á því að málið hafi verið rannsakað af hálfu siðanefndar með vönduðum og ítarlegum hætti. Þannig hafi verið aflað nægjanlegra upplýsinga til að taka ákvörðun í málinu. Bendir stefndi á að fyrir siðanefnd hafi legið niðurstaða Matís frá 21. maí 2021 um að einstaklingar í Q-goti gætu ekki verið sammæðra einstaklingum í V- og W-goti (en stefnendur höfðu skráð I móður allra gota). Þá hafi legið fyrir niðurstaða Matís frá 4. október 2021 um að hvolpar úr Q-goti gætu ekki verið undan I með meira en 99% vissu. Jafnframt hafi komið fram að möguleg áhrif meintrar stökkbreytingar á niðurstöðuna væru hverfandi lítil og metin 0,0000000022 á hverju sæti í erfðamengi á ári. Að fengnum þessum gögnum hafi siðanefnd tekið þá rökstuddu málsmeðferðarákvörðun að frekari greiningar Matís á Q-gotinu eða svör við þeim spurningum sem lögmaður stefnenda hafði sett fram væru tilgangslaus. Þrátt fyrir framangreint hafi stefnendur verið upplýstar um að teldu þær þörf á að Matís svaraði frekari álitaefnum gætu þær komið ábendingum um það til siðanefndar og myndi þá nefndin meta á grundvelli slíkra ábendinga hvort þörf

væri á frekari gagnaöflun. Engar frekari ábendingar voru settar fram af stefnendum gagnvart siðanefnd, en stefnendur fengu t.d. afhenta DNA-prófila úr rannsókn Matís. Þá séu engin sjónarmið í stefnu um það hvaða frekari upplýsinga hefði átt að afla né lögð fram gögn sem draga niðurstöður Matís í efa.

Stefndi mótmælir því að siðanefnd hafi ekki fylgt málsmeðferðarreglum. Þá er mótmælt þeirri fullyrðingu að siðanefnd hafi ekki leitað sátta með aðilum. Stefndi vísar til þess að siðanefnd hafi kannað sáttagrundvöll og reynt að fá aðila til sáttafundar, eins og fram komi í úrskurði hennar á bls. 51–54. Stefnendur hafi hins vegar séð öll tormeðki á sáttafundum, sett fram einhliða skilyrði fyrir sáttafundum og haft uppi ýmis stóryrði, m.a. um efni málsins, sem hafi gefið til kynna að enginn grundvöllur væri til sátta af þeirra hálfu. Þannig hafi siðanefnd reynt að leita sátta en án árangurs.

Varðandi efnisniðurstöður siðanefndar sé því hafnað að D hafi borið ábyrgð á rangskráningu ættbóka eða þá einungis stefnandi, A. Stefndi telur að stefnendur geti ekki varpað ábyrgð sinni sem ræktenda yfir á áður nefnda D. Þá sé stefnandinn B ræktandi og rétt hafi ræktunarnafnsins H, og beri ábyrgð sem slíkur vegna háttsemi sinnar. Stefnendur hafi rangskráð Q-gotið auk þess sem við gerð kærú hafi legið fyrir sú niðurstaða úr erfðagreiningu Matís að einstaklingar úr Q-goti gætu ekki verið sammæðra einstaklingum úr V- og W-goti. Þá hafi ekki verið unnt að staðreyna mæðrun umræddra gota þar sem ekki var mætt með I í sýnatöku og gefnar rangar upplýsingar, m.a. af hálfu stefnenda, um að tíkin I væri dauð. Þannig hafi verið réttmætur vafi um mæðrun allra gotanna. Stefndi telur að stefnendur hafi sýnt einbeittan vilja til að viðhalda blekkingu varðandi Q-gotið, jafnvel þótt varpað væri rýrð á skráningu nokkurs fjölda gota. Jafnvel eftir að viðurkennt var að tíkin I væri á lífi hafi stefnendur enga forgöngu haft um að afla sýna úr svokölluðu Q-goti heldur hafi þær frekar samið við eigendur hvolpa úr gotinu um ættleysi. Stefndi byggir einnig á því að fyrir liggi skýr og fyrirvaralaus niðurstaða fagaðilans Matís um að tíkin I geti ekki verið móðir svokallað Q-gots. Þá telur stefndi að staðhæfingar stefnenda um að I sé móðir Q-gotsins og stökkbreyting hafi átt sér stað í öllum hvolpunum fimm úr gotinu sem sýni voru tekin úr sé fjarstæðukennd enda líkur til þess nánast engar skv. niðurstöðu Matís. Þá telur stefndi að tilvísun til almennra sjónarmiða í tölvupósti G feli ekki í sér staðfestingu um stökkbreytingu í hvolpum Q-gotsins. Þá hafi það sem fram komi í bréfi Matís um mögulega stökkbreytingu í öðru goti árið 2010 enga þýðingu, enda hafi það verið byggt á órannsakaðri forsendu um að yfirlýsing hundeiganda væri sönn. Jafnframt gerði Matís, í bréfi 31. ágúst 201, augljósa fyrirvara við svarið frá 2010, en þar sagði að stökkbreytingar væru afar sjaldgæfar og ekki væri hægt að útiloka að sá hvolpur sem þar átti í hlut (þ.e. 2010) hefði í raun komið úr öðru goti. Að síðustu bendir stefndi á að stefnendur hafi ekki lagt fram nein sönnunargögn fyrir stökkbreytingarkenningu sinni sem hreki niðurstöðu Matís, svo sem með matsgerð dómkvaddra matsmanna. Stefndi tekur undir það með siðanefnd að öll háttsemi stefnenda beri þess merki að þeim hafi verið ljóst að I væri ekki móðir Q-gotsins og að yfirlýsing á pörunarvottorði væri röng. Þá hafi stefnendur brotið gegn skyldum sínum til að veita réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf og þær hafi ekki sýnt fram á að við ræktun Q-gotsins hafi verið notuð ættbókarfærð hreinræktuð tík. Að mati stefnda séu brot stefnenda einkar alvarleg og stríði gegn grundvallarmarkmiði félagsins og hafi stofnað trúverðugleika ættbókar þess í hættu. Er um þetta vísað til þess sem áður hafi komið fram og umfjöllunar siðanefndar. Þá sé hafnað sjónarmiði stefnenda um skort á „refsiheimild“ í reglum um skráningu í ættbók, enda hlutverk siðanefndar að fjalla um brot á lögum og reglum HRFÍ skv. IX. kafla laga félagsins.

Stefndi telur að stefnendur hafi brotið gegn skyldu til að mæta með J og I í sýnatöku. Telur stefndi að stefnendur hafi reynt til hins ýtrasta að koma í veg fyrir að sýnataka gæti átt sér stað úr umræddum hundum til að torvelða foreldragreiningu. Þannig hafi tíkin I verið sögð dauð nokkrum dögum eftir að óskað var eftir því að mætt væri með hana í sýnatöku og það ítrekað af stefnanda, B. Ekki hafi verið mætt með tíkina í sýnatöku þannig að meta mætti Q-gotið (og einnig V- og W-gotin með fullri vissu) fyrir en eftir kröfu siðanefndar í september 2021. Jafnframt hafi rakkinn J verið tekinn í skyndi af fóðurheimili sínu með þeirri skýringu að hann ætti að fara til pörunar norður í land, en hann síðan horfið í því ferðalagi, og stefnendur því ekki sagst geta mætt með hann í sýnatöku. Varðandi J hafi stefnendur neitað að veita upplýsingar um ferðir hans og fyrirhugaða pörun. Þá hafi stefnendur ekki mætt með hundinn í sýnatöku, jafnvel þótt stefnandi, A, héldi því fram að hann væri „löngu fundinn“. Stefndi telur haldlausar þær fullyrðingar stefnenda að ekki hafi verið hægt að mæta með umrædda hunda til sýnatöku þar sem þeir hafi

dvalist hjá öðrum. Stefnendum hafi borið skylda til að mæta með hundana í sýnatöku þegar um það var beðið og ekkert bendi til þess að dvalarstaður hundanna hafi verið því til hindrunar. Jafnframt stangist þessar fullyrðingar stefnenda á við fyrirliggjandi upplýsingar í málinu um auðveldan aðgang þeirra að umræddum hundum. Þannig hafi stefnandi, A, auðveldlega getað sótt hundinn J á fóðurheimili hans, enda annar eigandi hans. Þá hafi hún getað farið með tíkina I í sýnatöku vegna V- og W-gots. Stefndi tekur undir það með siðanefnd að gögn málsins beri með sér víðtækt samráð um svör og upplýsingagjöf á milli stefnenda og D. Fullyrðingar stefnenda um að þær hafi orðið fyrir vísvitandi blekkingum af hálfu D séu ótrúverðugar og stangist á við gögn málsins. Varðandi það sjónarmið stefnenda að meta þurfi sakir þeirra hvorrar fyrir sig skal það ítrekað sem áður hefur komið fram að þær voru báðar ræktendur og báru skyldur sem slíkar. Þá sé ljóst af gögnum málsins að þær hafi báðar látið málefni umræddra hunda til sín taka. Þessu til viðbótar hafi háttsemi stefnenda hvorrar fyrir sig verið metin af siðanefnd. Varðandi það sjónarmið stefnenda að einhverju skipti að stjórn hafi heimild til að setja ræktunarhunda og afkvæmi í sýningarbann ef ekki er mætt með hunda til sýnatöku telur stefndi að sú heimild takmarki á engan hátt önnur úrræði, svo sem að vísa meintum reglubrotum til siðanefndar. Varðandi það sjónarmið að kæra hafi ekki snúið að broti á skyldu til að mæta með I til sýnatöku bendir stefndi á að útilokunarregla réttarfars gildir ekki fyrir siðanefnd heldur rannsóknarregla. Stjórnin gat því bent siðanefnd á, og hún tekið til skoðunar, að ekki var mætt með I í sýnatöku þegar í ljós kom að tíkin var lifandi. Stefnendur hafi fengið afrit af þessari ábendingu stjórnar og getað brugðist við henni, en bent er á að stefnendur hafa ekki haldið fram skorti á andmælarétti í stefnu. Tekur stefndi undir það með siðanefnd að stefnendur hafi brotið með háttsemi sinni gegn ákvæðum greinar 4.1 í reglum um skráningu í ættbók og greinar 1.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Stefndi telur að stefnendur hafi brotið gegn upplýsingaskyldu sinni. Stefndi tekur undir það með siðanefnd að stefnendur hafi með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum greinar 4.3 í reglum um skráningu í ættbók og greinar 1.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Að mati stefnda liggja ljóst fyrir að stefnendur hafi ekki veitt umbeðnar upplýsingar um ferð og þörun J. Þá liggja einnig fyrir að stefnendur hafi veitt þær röngu upplýsingar að tíkin I væri dauð. Þannig hafi ekki verið um það ræða, eins og stefnendur byggja á, að upplýsingar hafi ekki verið veittar á einhvern tiltekinn máta heldur hafi upplýsingarnar alls ekki verið veittar eða rangar upplýsingar veittar. Stefnendur hafi ekki heldur gert grein fyrir því hvernig þær sinntu upplýsingaskyldu á annan máta. Þá sé í stefnu ekki gerð grein fyrir því hvaða upplýsingar stefndi hafi beðið um, sem stefnendur telji að hann hafi ekki átt rétt til skv. reglum félagsins, og sé sú málsástæða því vanreifuð. Stefndi hafi óskað eftir upplýsingum um þörun og ferð J og sú almenna krafa að veittar upplýsingar séu sannleikanum samkvæmar falli innan upplýsingaskyldu stefnenda skv. grein 4.3 í reglum um skráningu í ættbók. Varðandi það sjónarmið stefnenda, að stjórn stefnda og siðanefnd hafi ekki veitt þeim upplýsingar réttlæti slíkt ekki brot gegn upplýsingaskyldu þeirra skv. reglum félagsins. Þá hafi stefnendur hvorki vísað til þess á hvaða grundvelli þær hafi átt rétt til slíkra upplýsinga frá viðkomandi aðilum eða þá hvenær og á hvaða grundvelli sá réttur hafi verið á þeim brotinn. Er ítrekað að stefnendur byggja ekki á því í stefnu að hafa ekki notið fulls andmælaréttar.

Stefndi telur að stefnendur hafi brotið reglur félagsins með því að skrá eigendabreytingu á dauðum hundi. Tekur stefndi undir með siðanefnd um að stefnendur hafi brotið með greindri háttsemi gegn ákvæði 2.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Stefndi telur haldlaust það sjónarmið stefnenda að ári eftir dauða hunds sé vissulega um nýjan eiganda að ræða og telur háttseminna sýna virðingarleysi við starfsemi og reglur félagsins.

Stefndi byggir einnig á því að stefnendur beri ábyrgð á meiðandi ummælum um framkvæmdastjóra stefnda. Í úrskurði siðanefndar sé fjallað um tölvupóst, sem stefnandinn B sendi fyrir hönd beggja stefnenda, með aðdróttunum í garð framkvæmdastjóra HRFÍ. Í tölvupóstinum hafi verið gerðar athugasemdir við framgöngu stjórnar félagsins og framkvæmdastjóra við könnun á rangri ættbókarskráningu af hálfu H ræktunar. Sérstaklega hafi verið ráðist að framkvæmdastjóra félagsins og borið upp á hana húsbrot og að hún hygðist falsa gögn gegn stefnendum, auk þess sem henni hafi verið hótad lögglukæru.

Siðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að aðdróttanir í garð framkvæmdastjóra stefnda væru tilefnislausar og meiðandi enda væri vegið alvarlega að störfum hennar. Þá væri tilgangur umrædds tölvupósts sá að reyna að koma í veg fyrir eða torvela rannsókn félagsins á rangskráningu gota frá ræktun stefnenda. Siðanefnd taldi að háttsemi stefnenda væri andstæð grein 1.2 í grundvallarreglum HRFÍ um að félagsmenn tjáðu sig hvorki meiðandi um félagið né félagsmenn. Hafi stefnendur verið áminntar vegna þessa.

Stefndi tekur undir niðurstöður siðanefndar í kafla 5.6. Að mati stefnda hafi tjáningarfrelsi stefnenda ekki leyst þær undan ábyrgð á orðum sínum enda sé tjáningarfrelsi ekki ótakmarkað og æra manna njóti verndar gegn röngum og meiðandi aðdróttunum, sbr. 71. og 73. gr. stjórnarskrár og 235. gr. almennra hegningarlaga. Þessu til viðbótar hafi stefnendur með félagsaðild gengist undir þær skyldur skv. grein 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ að tjá sig hvorki meiðandi um félagið né félagsmenn, en óumdeilt er að framkvæmdastjóri félagsins er félagsmaður.

Þá telur stefndi að það séu meiðandi ummæli þegar einstaklingur er borinn sökum um refsiverða háttsemi eins og húsbrot og einnig þá siðferðilega ámælisverðu háttsemi, sem varðar refsingu, að vilja falsa gögn til að bera rangar sakir á aðra. Um hafi verið að ræða staðhæfingu um staðreynd sem stefnendur hafi ekki fært sönnur á og hafi ummælin því verið tilefnislaus.

Stefndi telur að stefnendur hafi ekki verið í góðri trú um réttmæti ummælanna, eins og þær haldi fram, enda hafi þær þegar búið yfir gögnum þar sem slíkt var borið til baka. Jafnframt hafi stefnendur ekki getað verið í góðri trú um sannleiksgildi ummælanna án þess að kanna málið með forsvaranlegum hætti.

Varðandi það sjónarmið stefnenda að ummælin hafi verið viðhöfð í tölvupóst telur stefndi að það breyti ekki meiðandi eðli ummælanna. Þá hafi ekki verið um einkatölvupóst að ræða heldur hafi hann verið sendur á alla stjórn stefnda. Stefndi tekur undir það með siðanefnd að tilgangurinn hafi verið að varpa rýrd á framkvæmdastjóra og að gera tilraun til að takmarka rannsókn félagsins á gotskráningum. Sjónarmið stefnenda um orðhefnd sé vanreifud, enda geri þær ekki grein fyrir því hvaða ummæli það voru af hálfu framkvæmdastjóra sem gáfu tilefni til orðhefndar þann 16. apríl 2021. Þá telur stefndi að sjónarmið um orðhefnd eigi ekki við rök að styðjast. Þessu til viðbótar hafnar stefndi því sjónarmiði stefnenda að siðanefnd geti ekki fjallað um ærumeiðandi ummæli. Sérstaklega sé kveðið á um meiðandi tjáningu í grundvallarreglum fyrir félagsmenn stefnda, en brot á reglum félagsins falla undir siðanefnd, sbr. 26. gr. laga þess. Tekur stefndi undir það með siðanefnd að stefnendur hafi með háttsemi sinni brotið gegn ákvæði greinar 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Stefndi tekur undir niðurstöður siðanefndar í kafla 5.8 varðandi félagsviðurlög og mótmælir kröfu um breytingar þar á. Niðurstaða siðanefndar varði beitingu félagsviðurlaga í almennu félagi, sem um gilda lög félagsins og meginreglur félagaréttar. Þá sé um innri málefni í félagastarfsemi að ræða sem njóti verndar 74. gr. stjórnarskrár. Stefndi hafnar því sjónarmiði stefnenda að eina mögulega brot stefnenda sem eigi undir siðanefnd sé röng skráning í ættbók. Það sé hlutverk siðanefndar að úrskurða í málum sem varði brot gegn reglum og markmiðum félagsins, sbr. 26. gr. laga þess, og því falli háttsemi stefnenda undir valdsvið nefndarinnar. Um viðurlög sé kveðið á í 28. gr. laga félagsins og þar komi fram að beita megi viðurlögum, einum eða fleiri saman. Ekkert í lögum stefnda takmarki að leggja saman tímalengd brottvísunar/útilokunar fyrir einstök brot og fá þannig út einn hámarkstíma. Bendir stefndi á að brottrekstri og útilokun stefnenda frá þátttöku í starfi félagsins sé markaður ákveðinn tími í úrskurði siðanefndar, en heimilt hefði verið að mæla fyrir um slíkt að fullu. Fullyrðing stefnenda um hámarksrefsingu sé því röng. Stefndi hafnar því að um gáleysisbrot stefnenda hafi verið að ræða. Er tekið undir með siðanefnd að stefnendum, sem ræktendum Q-gotsins, hafi mátt vera ljóst að röng móðir væri skráð. Þá hafi stefnendur gengið langt í að koma í veg fyrir foreldrarannsókn á gotinu og leyna uppruna þess. Stefndi hafnar því að sjónarmið um atvinnufrelsi eða félagafrelsi eða meint fjárhagslegt tjón stefnanda, A, skipti máli fyrir niðurstöðu siðanefndar um félagsviðurlög. Þannig sé stefndi áhugamannafélag og starfi í ófjárhagslegum tilgangi. Þá hafi stefndi ekki einkarétt á starfsemi og starfandi hafi verið svipuð félög. Þannig sé atvinnufrelsi stefnandans A á engan hátt skert og félagafrelsi einungis að því leyti að hún sé ekki gjaldgengur félagsmaður í stefnda í tiltekinn tíma vegna háttsemi sinnar. Þessu til viðbótar skal bent á að stefnendur færi engin rök fyrir því hvernig atvinnu A sé hamlað eða leggi fram gögn um meint fjárhagstjón.

Varðandi það sjónarmið stefnenda að stefnandi, B, hafi enga ábyrgð borið skv. reglum félagsins ítrekar stefndi það sem áður hefur komið fram um að B hafi verið réttthafi að ræktunarnafninu H og ritað undir pörunarvottorð Q-gotsins, sem ræktandi þess. Þá hafi hún haft fulla aðkomu að þeirri háttsemi sem viðurlögin varði.

Með vísan til þess sem áður er komið fram og umfjöllunar siðanefndar telur stefndi að úrskurður siðanefndar um félagviðurlög sé vel rökstuddur og ekkert tilefni sé til að hrófla við mati siðanefndar. Þá hafnar stefndi því að félagsviðurlög séu úr hófi fram miðað við fyrri úrskurði siðanefndar enda brotin stórfelld og málið fordæmalaust.

Stefndi mótmælir kröfu um miskabætur og telur að skilyrði skv. 26. gr. laga nr. 50/1993 séu ekki fyrir hendi. Heimilt hafi verið að birta nöfn stefnenda í úrskurði siðanefndar og bráðabirgðaúrskurðurinn hafi verið lögmætur.

IV

1.

Stefnendur hafa höfða mál þetta til ógildingar á úrskurði siðanefndar Hundaræktarfélags Íslands (HRFÍ) frá 25. janúar 2022 í máli nr. [...] /2021. Með úrskurði siðanefndarinnar var stefnendum vísað úr félaginu í 15 ár, þær útilokaðar frá allri þátttöku í starfi þess og einnig rétti til að fá afhent ættbókarskírteini í sama tíma. Þá voru stefnendur sviptar ræktunarnafninu H, sem skráð er hjá HRFÍ, auk þess sem þær voru áminntar. Samkvæmt úrskurði siðanefndar töldust stefnendur hafa gerst brotlegar gegn ákvæðum reglna um skráningu í ættbók, gegn lögum HRFÍ og grundvallarreglum fyrir félagsmenn.

2.

Hundaræktarfélag Íslands er almennt félag sem stofnað var árið 1969 og starfar samkvæmt samþykktum settum af félagsmönnum sem kallast „Lög um Hundaræktarfélag Íslands.“ Taka löggin m.a. mið af skuldbindingum félagsins gagnvart Fédération Cynologique Internationale (FCI), Alþjóðasamtökum hundaræktarféлага, sem félagið er aðili að. Mælt er fyrir um markmið HRFÍ í 2. gr. laga félagsins, sem eru m.a. að beita sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundakynja sem viðurkennd eru af FCI. Í 3. gr. laganna kemur fram að til þess að ná markmiðum sínum skuli félagið m.a. færa hreinræktaða hunda í ættbók félagsins samkvæmt reglum sem stjórn þess setur og í samræmi við þær kröfur sem FCI gerir til aðildarféлага sinna. Settar hafa verið svonefndar „Grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ“ og „Reglur um skráningu í ættbók“ þar sem mælt er fyrir um skyldur ræktenda og kröfur til þess að hundur verði ættbókarfærður, svo sem um ætterni og auðkenningu og upplýsingagjöf. Í lögum félagsins er nánar mælt fyrir um starfsemi þess, svo sem ákvæði um félagsaðild, stjórnskipulag, fjárreiður, siðanefnd og viðurlög o.fl. Kjósa félagsmenn í HRFÍ sér fimm einstaklinga til starfa í stjórn félagsins til tveggja ára, sbr. 10. gr. laga félagsins. Þá eru þrír einstaklingar kjörnir á aðalfundi til að starfa í siðanefnd félagsins, en þeir einstaklingar mega ekki eiga sæti í aðalstjórn HRFÍ, sbr. 26. gr. laganna. Nánari ákvæði eru um verkefni siðanefndar, málsmeðferð og félagsleg agaviðurlög, þ. á m. um brottvísun úr félaginu að fullu eða í tiltekinn tíma, í 27.–28. gr. laganna. Þá hafa verið settar reglur um meðferð mála fyrir siðanefnd. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. þeirra reglna getur málsaðili fyrir dómi leitað ógildingar eða breytinga á úrskurði siðanefndar. Þá er í 19. gr. reglnanna mælt fyrir um að ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gildi um málsmeðferð fyrir nefndinni, að öðru leyti en greinir í reglunum.

3.

Með almennum félögum er átt við félög sem í aðalatriðum keppa ekki að fjárhagslegum ávinningi, hvorki með starfsemi sinni né samkvæmt markmiði sínu. Engin lög hafa verið sett sem taka til almennra félaga í heild sinni.

Aðalreglan er sú að það fer eftir samþykktum félags hvort sá sem inntöku beiðist fullnægir skilyrðum til að geta verið félagsmaður með þeim réttindum og skyldum sem tengjast félagsaðildinni. Flestar samþykktir og félagsreglur geyma ákvæði um brottvísun úr félaginu. Er það meginregla að valdsvið dómstóla nái ávallt til þess hvort þeim formreglum sem gilda um félagið hafi verið fylgt við brottrekstur.

Eru brot á formreglum litin alvarlegri augum ef hagsmunir eru miklir sem tengdir eru þátttöku í félagi. Svipuð sjónarmið eiga við um efni ákvörðunar sem tekin er innan félagsins. Hún verður að hafa heimild í viðkomandi félagssamþykktum og standast lög. Aðalatriðið er að viðurlögin séu hófleg og að fyrir þeim sé skýr heimild í samþykktum svo og að beiting þeirra stangist ekki á við ófrávíkjanlegar réttarreglur.

4.

Stefnendur færa margvísleg rök fyrir kröfum sínum um ógildingu úrskurðar siðanefndar HRFÍ. Í fyrsta lagi hafi verið verulegir formgallar á úrskurði siðanefndarinnar. Í öðru lagi að úrskurður siðanefndar sé efnislega rangur. Í þriðja lagi að refsingar siðanefndar séu úr hófi og ekki í samræmi við refsingar í öðrum sambærilegum málum siðanefndar. Í fjórða lagi hafi verið óheimilt að svipta stefnendur ræktunarnafninu H sem skráð er hjá stefnda. Að lokum er á því byggt að brotið hafi verið gegn reglum félagsins með því að birta úrskurði siðanefndar án þess að afmá nöfn stefnenda úr þeim og að stefnendur eigi af þeim sökum rétt á miskabótum úr hendi stefnda.

5.

Víkur fyrst að málsástæðum stefnenda um formgalla á úrskurði siðanefndarinnar. Stefnendur telja að stjórn stefnda hafi brostið hæfi til að vera aðili að máli fyrir siðanefndinni, siðanefndin hafi ekki verið hlutlaus gagnvart stjórninni enda kosin af stjórninni, nefndarmaðurinn C hafi ekki verið kosinn á félagsfundi, auk þess sem það falli utan verksviðs stjórnar stefnda að kæra félagsmenn til siðanefndar.

Þá er á því byggt að sáttafundur hafi ekki verið haldinn og einnig að brotið hafi verið gegn meðalhófsreglu, rannsóknarreglu og jafnræði, andmælaréttur stefnenda hafi verið virtur að vettugi og ákvörðun viðurlaga hafi ekki verið í samræmi við málsmeðferðarreglur.

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnenda.

Í IX. kafla laga HFRÍ eru ákvæði um siðanefnd og agareglur. Samkvæmt 26. gr. skal siðanefnd kosin á aðalfundi stefnda ár hvert og sitja þrjár fulltrúar félagsmanna í henni. Er tiltekið að nefndarmenn og einnig varamenn þeirra geti ekki verið stjórnarmenn í aðalstjórn stefnda. Samkvæmt 27. gr. laganna kemur siðanefnd saman ef fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra frá félagsmanni eða stofnun innan HRFÍ.

Samkvæmt 11. gr. laganna fer stjórn félagsins með málefni félagsins milli félagsfunda, auk annarra nánar tilgreindra verkefna sem talin eru upp í ákvæðinu. Er ljóst að hlutverk stjórnar er víðtækt og án sérstakra takmarkana. Þá gefa ákvæði 26. gr. laganna til kynna að með því að útiloka nefndarmenn frá setu í stjórn stefnda sé leitast við að tryggja að úrskurðaraðili í félaginu fullnægi hlutleysisreglum við meðferð mála, sbr. einnig 2. gr. reglna um meðferð mála fyrir siðanefnd HRFÍ, þar sem tekið er fram að siðanefnd sé sjálfstæð og óhlutdræg í störfum sínum. Með vísan til framangreinds er hafnað málsástæðum stefnenda um að stjórn geti ekki verið aðili að máli fyrir siðanefndinni eða að það falli utan verksviðs stjórnar að bera undir siðanefnd mál sem lúta að starfsemi félagsins. Þá er sérstök heimild handa siðanefnd í 27. gr. laganna til þess að kalla inn í siðanefndina löglærðan fulltrúa utan félagsins í einstökum málum, sbr. einnig 3. mgr. 1. gr. fyrrgreindra reglna um meðferð mála fyrir siðanefndinni. Var það gert í máli því sem hér er til meðferðar. Á grundvelli þessara heimilda var C lögfræðingur kallaður til setu í nefndinni. Málsástæðu stefnenda um skort á lagaheimild siðanefndar til að fjölga í nefndinni með þeim hætti sem gert var er því hafnað. Þá liggja ekki fyrir haldbær gögn eða skýringar um ætlað vanhæfi C í nefndinni eða um að ekki hafi verið gætt jafnræðis með aðilum við meðferð málsins hjá siðanefndinni. Er þeirri málsástæðu því einnig hafnað.

Stefnendur telja einnig að við meðferð málsins hafi ekki verið haldinn formlegur sáttafundur samkvæmt 27. gr. laga HRFÍ og því beri að ógilda úrskurð siðanefndar. Í úrskurði siðanefndar kemur fram að siðanefnd hafi boðað til sáttafundar aðila með tölvupósti, dags. 29. október 2021, sem fram skyldi fara á fjarfundi 10. nóvember s.á., í því skyni að gefa málsaðilum kost á því að reifa sáttagrundvöll og tillögur til sátta. Staðfesti fulltrúi stefnenda boð um mætingu til fundarins, en setti um leið skilyrði fyrir fundinum, svo sem um skýrslutökur og munnlegan flutning málsins og fleira, auk þess sem stefnendur og lögmaður þeirra gætu ekki fundað í fjarfundi og því þyrftu aðilar að hittast í eigin persónu. Var fallist á beiðni um að horfið yrði frá fjarfundi, en kröfum fulltrúa stefnenda hafnað að öðru leyti. Þá barst siðanefnd tölvuskeyti 8. nóvember 2021 frá stefnendum þar sem þess var krafist að sáttafundur yrði haldinn fyrir Héraðsdómi

Reykjavíkur til þess að tryggja hlutleysi og jafnræði með aðilum og tekið fram að ekki yrði af sáttafundi nema stjórn legði fram önnur gögn en valið slúður og illmælgir. Þá væru ýmsar ástæður fyrir því að fresta sáttafundi þeim sem siðanefnd hefði sviðsett, eins og rakið er nánar í úrskurði siðanefndar. Í ljósi viðbragða fulltrúa stefnanda taldi siðanefnd að grundvöllur fyrir sáttum væri ekki fyrir hendi.

Að virtum gögnum málsins og því sem fram kemur í úrskurði siðanefndar um þá viðleitni nefndarinnar að koma á sáttafundi milli málsaðila verður að telja að sættir hafi verið reyndar og að frekari sáttumleitunar hafi ekki verið vænlegar til árangurs. Telur dómurinn að siðanefnd hafi þar með fullnægt skyldum sínum að þessu leyti samkvæmt 27. gr. laga HRFÍ og 9. gr. málsmeðferðarreglna siðanefndar. Verður úrskurður siðanefndar því ekki felldur úr gildi vegna skorts á sáttumleitunum siðanefndar.

Í úrskurði siðanefndar kemur fram að stefnendum hafi verið kynnt kæra stefnda og gögn málsins og þeim gefinn kostur á að koma að andmælum sínum. Lögmaður stefnenda skilaði andmælum og gögnum til siðanefndar þann 27. júlí 2021. Siðanefndin kvað síðan upp úrskurð til bráðabirgða að kröfu stefnenda þann 20. ágúst 2021 og tók fram að þörf væri á frekari rannsóknum og gagnaöflun áður en komist yrði að endanlegri niðurstöðu. Með bréfi siðanefndar, dags. 30. ágúst 2021, var stefnendum tilkynnt að siðanefnd hefði málið áfram til skoðunar og ákvörðunar um frekari gagnaöflun, auk þess sem siðanefnd myndi gefa aðilum kost á því að skila viðbótargreinargerðum í málinu. Lögmaður stefnenda svaraði bréfi siðanefndar með tölvuskeytum sama dag.

Siðanefnd taldi nauðsynlegt að fram færi ný rannsókn lífssýna úr tíkinni I. Var Matís falið að rannsaka sýnin og svara því m.a. hvort I væri móðir Q-gotanna sem mál þetta snýst um og óskað eftir að komið væri með tilgreinda hunda til sýnatöku. Sýnataka fór fram þann 8. september 2021 að viðstöddum stefnendum og lágu niðurstöður hennar fyrir þann 4. október 2021. Voru niðurstöður sendar stefnendum samdægurs. Var það m.a. niðurstaða rannsóknar Matís að einstaklingar úr Q-goti væru ekki undan tíkinni I.

Á fundi siðanefndar 5. október 2021 var ákveðið að gefa stefnendum kost á að koma að viðbótargreinargerðum í málinu svo og veita þeim aðgang að gögnum málsins. Með tölvuskeyti lögmanns stefnenda til siðanefndar var óskað eftir að Matís yrði falið að framkvæma frekari rannsóknir og svara nánar tilgreindum spurningum. Var beiðni lögmannsins um frekari rannsóknir tekin fyrir á fundi siðanefndar. Taldi nefndin að með fyrirliggjandi svörum frá Matís frá 4. október 2021 væri málið fullupplýst og engar ástæður til annars en að leggja þau til grundvallar úrlausn málsins. Væri beiðni lögmannsins um frekari svör frá Matís bersýnilega tilgangslaus fyrir málið og sjónarmiðum um ætlaðar stökkbreytingar hefði þegar verið svarað í rannsókninni. Í kjölfarið áttu sér stað margvísleg samskipti á milli siðanefndar og lögmanns stefnenda. Siðanefnd kom síðan saman til fundar 2. nóvember 2021 þar sem fjallað var um framkomnar kröfur lögmanns stefnenda um munnlegan flutning, skýrslutök og fyrirkomulag sáttafundar.

Með vísan til alls framangreinds er ljóst að siðanefnd leitaðist við að varpa ljósi á málið, m.a. með því að óska eftir DNA-rannsókn Matís til þess að ganga úr skugga um hvort tíkin I gæti verið móðir hvolpa úr svokölluðu Q-goti. Þá var stefnendum gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum og leggja fram gögn. Liggur fyrir fjöldi tölvuskeyta frá lögmanni þeirra til siðanefndar þar sem sjónarmiðum þeirra er komið á framfæri. Er því hafnað málsástæðum stefnenda um að meðferð málsins hjá siðanefnd hafi falið í sér brot gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaga, eða að brotið hafi verið gegn andmælareglu 13. gr. laganna við meðferð málsins. Þá bera gögn málsins ekki með sér að málsmeðferðin hafi ekki verið í samræmi við úrskurði siðanefndar í sambærilegum málum eða hún hafi falið í sér brot gegn jafnræðisreglu.

Verður úrskurður siðanefndar því ekki felldur úr gildi á þeim grundvelli að réttra formreglna hafi ekki verið gætt við meðferð málsins hjá nefndinni.

6.

Kemur þá næst til skoðunar hvort úrskurður siðanefndar sé efnislega rangur. Stefnendur vísa til 14. gr. málsmeðferðarreglna siðanefndar HRFÍ, sem kveður á um að málsaðili geti fyrir dómi leitað ógildingar eða breytinga á úrskurði siðanefndar.

Stefnendur færa margvíslega rök fyrir því að fella beri úr gildi úrskurð siðanefndar eða breyta honum. Er á því byggt að stefnandi, B, geti ekki borið neina ábyrgð á því sem hún er sökuð um þar sem hún hafi ekki verið ábyrgðarmaður fyrir ræktuninni, stefnendur séu saklausar af því að hafa gefið rangar upplýsingar um ræktun sína, ekki sé unnt að sakfella stefnendur fyrir að mæta ekki með hunda til sýnatöku, ekki sé unnt að beita viðurlögum fyrir að neita að veita upplýsingar, ekki sé unnt að áminna fyrir að skrá réttan eiganda tíkar þó að hún sé dauð, stefnendur hafi ekki gerst sekar um ærumeiðandi ummæli í garð framkvæmdastjóra stefnda, þá hafi viðurlög ekki verið í samræmi við viðurlög í öðrum sambærilegum málum, ekki hafi verið heimilt að svipta stefnendur ræktunarnafni og loks hafi meðferð málsins falið í sér ólögmeata meingerð gagnvart stefnendum, m.a. með því að birta nöfn þeirra, og það hafi valdið þeim miska sem beri að bæta.

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnenda og telur einnig að ef háttsemi félagsmanna brýtur gegn félagslögum beri að leysa úr slíkum málum á grundvelli félagsins samkvæmt þeim efnis- og formreglum sem þar gilda. Eingöngu komi til afskipta dómstóla ef brotið hefur verið gegn landslögum. Þá bendir stefndi á að ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar feli í sér rétt til að stofna félög og rétt félaga til að ráða innri málefnum sínum. Í ákvæðinu felist ekki réttur til að vera í félagi án þess að fylgja reglum þess.

7.

Heimild til brottvísunar félagsmanns úr almennu félagi og heimild til að beita öðrum úrræðum gegn félagsmanni fer eftir samþykktum þess og öðrum félagsreglum. Ákvörðun félags um brottrekstur og önnur viðurlög verður að styðjast við slíka heimild sem og aðrar grunnreglur félagaréttarins. Brottvísun félagsmanns úr almennu félagi og önnur viðurlög á hendur honum eru því að verulegu leyti á sjálfsforræði félagsins. Á móti koma svo sjónarmið um hagsmuni félagsmanns af félagsaðild og tengdum réttindum. Dómstólar munu ekki skerða sjálfsforræði almennra félaga nema veigamikil rök séu til þess auk þess sem gera verður kröfu til þess að viðurlögin styðjist við reglur félagsins.

8.

Markmið Hundaræktarfélags Íslands er sem fyrr segir að beita sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundakynja. Til þess að ná því markmiði skal félagið færa hreinræktaða hunda í ættbók félagsins. Settar hafa verið reglur um ræktun og skráningu hunda í ættbók þar sem mælt er fyrir um réttindi og skyldur ræktenda. Það varðar félagið miklu að skráningar í ættbók séu réttar. Rangar skráningar í ættbók geta raskað trúverðugleika og grundvelli félagsins.

Í úrskurði siðanefndar var komist að þeirri niðurstöðu að stefnendur hefðu brotið reglur félagsins með því að skrá ranglega ræktunartík, þ.e. tíkina I, sem móður Q-gots á pörunarvottorð sem færsla í ættbók var síðan ranglega byggð á. Var niðurstaðan byggð á rannsókn á foreldragreiningu sem óskað hafði verið eftir hjá Matís, og leitt hafði í ljós að tíkin I gæti ekki verið móðir Q gotsins. Hefðu stefnendur gerst brotlegar gegn ákvæðum 1.2 í reglum um skráningu í ættbók með því að hafa ekki veitt réttar upplýsingar um rétta móður Q-gotsins og með því ekki sýnt fram á að við ræktun Q-gotsins hefði verið notuð ættbókarfærð hreinræktuð tík. Einnig hafi stefnendur með framvísun rangs pörunarvottorðs Q-gotsins brotið gegn ákvæðum 7.1 og 7.2 í sömu reglum sem mæla fyrir um upplýsingar sem leggja beri til grundvallar pörunarvottorði. Með þessari háttsemi hafi stefnendur einnig brotið gegn gr. 2.1 og 2.2 í grundvallarreglum félagsins, þar sem segir m.a. að félagsmanni beri að nota hunda af sömu tegund til ræktunar og einungis hunda sem séu ættbókarfærðir hjá HRFÍ og að félagsmanni beri að stunda ræktun af alvöru og ábyrgð og láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf.

Siðanefnd taldi að stefnendur hefðu einnig brotið gegn skyldu sinni til að mæta með hundana J og I í sýnatöku þegar eftir því var óskað. Ýmist hafi stefnendur veitt rangar upplýsingar eða neitað að veita umbeðnar upplýsingar um ferðir og pörun rakkans J og um ætlaðan dauða I, sem lýst er nánar í málsatvikakafla dómsins hér að framan. Með þessu hafi stefnendur brotið gegn þeirri skyldu að mæta með umrædda hunda í sýnatöku til sönnunar á ætterni, sbr. grein 4.1 í reglum um skráningu í ættbók, en þar segir m.a. að ræktanda sé skylt að mæta með hunda í hans eigu eða úr hans ræktun til blóð- eða

vefjasýnatöku til sönnunar á ætterni þeirra. Þá hafi stefnendur einnig með þessu brotið gegn áðurgreindu ákvæði gr. 1.2 í grundvallarreglum félagsins.

Þá taldi siðanefnd að stefnendur hefðu brotið gegn upplýsingaskyldu sinni með því að neita að veita upplýsingar um ferðir hundsins J og með því að veita rangar upplýsingar um dauða hundsins I. Með þessu hefðu stefnendur brotið gegn grein 4.3 í reglum um skráningu í ættbók, þar sem segir að ræktanda sé skylt, sé fram á það farið, að gefa HRFÍ skriflega allar upplýsingar sem máli skipta um ræktun þeirra hunda sem eru í hans eigu eða umsjón. Þá hafi stefnendur með þessu einnig brotið gegn grein 1.2 í grundvallarreglum félagsins.

Þá taldi siðanefnd að sú ákvörðun stefnenda í júní 2020 að tilkynna eigendabreytingu á dauðum hundi færi í bága við ákvæði 2.2 í grundvallarreglum þar sem segir að þeir sem stundi ræktun af alvöru og ábyrgð skuli láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf. Þá vísaði siðanefnd til gr. 1.7 í reglum um skráningu í ættbók og taldi að það væri forsenda fyrir tilkynningarskyldu um eigendabreytingu hunds samkvæmt ákvæðinu að um lifandi hund væri að ræða. Taldi siðanefndin að brotið varðaði áminningu. Einnig taldi siðanefndin að með tilefnislausum aðdróttunum í garð framkvæmdastjóra stefnda hefðu stefnendur brotið gegn grein 1.2 í grundvallarreglum HRFÍ um að tala hvorki meiðandi um félagið né einstaka félagsmenn félagsins. Er vísað til tölvuskeytis sem stefnandi, B, hafði sent fyrir hönd stefnenda og liggur fyrir í gögnum málsins, þar sem borið var upp á framkvæmdastjórnann ætlað húsbrot og fölsun gagna sem vörðuðu stefnendur. Taldi siðanefndin framkomu stefnenda tilefnislausa og meiðandi fyrir framkvæmdastjórnann og veitti þeim áminningu af þeim sökum.

Siðanefnd taldi að stefnendur væru báðar ábyrgar og skráðar fyrir ræktunarnafni H sem skráð væri hjá HRFÍ og vísaði í því sambandi til gagna málsins þar sem stefnandi, A, hefði sent tilkynningu til stefnda, 10. október 2014, um að stefnandi, B, væri „meðeigandi að ræktunarnafni mínu H sem og öllum hundum í minni eigu“. Þá hefðu stefnendur báðar komið fram sem slíkar gagnvart stefnda, auk þess sem stefnandi B væri skráð sem meðræktandi á pörunarvottorði sem lægi til grundvallar úrskurði siðanefndar. Til grundvallar niðurstöðu sinni vísaði siðanefndin til ákvæða 8.4 og 8.14 í reglum um skráningu í ættbók.

Samkvæmt ákvæði 8.4 skal hvert ræktunarnafn skráð á nafn einstaklings sem ber ábyrgð á notkun þess gagnvart HRFÍ og FCI. Þá segir að allt að þrjú ræktendur geti þó átt með sér samstarf undir einu ræktunarnafni, enda sé sérstaklega sótt um það og umsóknin hljóti viðurkenningu HRFÍ og FCI. Í grein 8.14 er mælt fyrir um að reglurnar gildi eftir því sem við á jafnt um þann sem skráður er sérstaklega ábyrgur fyrir ræktun og aðra sem aðild eiga að því.

Af gögnum málsins verður ráðið að stefnendur hafi ekki veitt réttar upplýsingar um móður svokallaðs Q-gots, auk þess að veita ekki nauðsynlegar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktun eins og mælt er fyrir um í reglum félagsins. Leiddi þetta til þess að hvolpar úr því goti, undir ræktunarnafninu H, voru ekki ættbókarfærðir hjá stefnda með réttum hætti. Samkvæmt reglum stefnda um skráningu í ættbók bera ræktendur ábyrgð á réttmæti þeirra upplýsinga sem skráðar eru í ættbók auk þess sem á þeim hvíla margvíslegar skyldur til þess að ganga megi úr skugga um að þær upplýsingar séu réttar, sbr. gr. 4 sem mælir fyrir um skyldur ræktenda.

9.

Við ákvörðun viðurlaga leit siðanefnd m.a. til þess að brot stefnenda gegn hagsmunum stefnda og félagsmönnum HRFÍ væri stórfellt. Taldi siðanefnd að vegna rangrar skráningar ræktunartíkar á got væru hæfileg viðurlög brottvísun og útilokun úr starfi stefnda í átta ár. Hæfileg viðurlög vegna brota á skyldum ræktanda til að mæta með hunda til sýnatöku væri tímabundin brottvísun og útilokun frá starfi félagsins í samtals fimm ár og viðurlög vegna neitunar á að veita upplýsingar eða svara spurningum með „útúrsnúningum“ væri brottvísun og útilokun frá starfi félagsins í tvö ár samtals. Þá var það niðurstaða siðanefndar að það að tilkynna eigendabreytingu á dauðum hundi í því skyni að tryggja aðila atkvæðisrétt á aðalfundi Schäferfdeildar og meiðandi ummæli í garð framkvæmdastjóra stefnda vörðuðu áminningu. Þá voru stefnendur sviptar ræktunarnafninu H. Samkvæmt úrskurðarorði var stefnendum vísað úr HRFÍ, þær útilokaðar frá allri starfi félagsins og sviptar rétti til þess að fá afhent ættbókarskírteini í samtals 15 ár. Voru viðurlög siðanefndar ákveðin á grundvelli viðurlagaheimilda nefndarinnar skv. 28. gr. laga HRFÍ.

Samkvæmt ákvæðinu eru viðurlagaúrræði siðanefndar m.a. áminning, útilokun frá þátttöku í starfi HRFÍ að fullu eða tiltekinn tíma, svipting ræktunarnafns, útilokun frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini HRFÍ, í tiltekinn tíma eða að fullu, og brottvísun úr félaginu að fullu eða í tiltekinn tíma. Getur siðanefnd beitt fleiri en einu ákvæði í einu. Þá er í reglum félagsins ekkert sem mælir gegn því að siðanefnd leggi saman viðurlagatíma fyrir einstök brot eins og gert var í úrskurði hennar. Loks er heimild í 18. gr. reglna um meðferð mála fyrir siðanefnd HRFÍ til þess að birta nöfn aðila í úrskurðum ef sérstakar ástæður mæla með því.

10.

Með skírskotun til alls þess er að framan greinir og með hliðsjón af valdmörkum dómstóla gagnvart forræði almennra féлага hefur að mati dómsins ekki verið sýnt fram á að siðanefndin hafi farið út fyrir valdsvið sitt eða heimildir laga og reglna sem gilda um starfsemi HRFÍ þegar hún komst að framangreindri niðurstöðu með úrskurði sínum. Þá verður ekki talið að viðurlögin sem beitt var hafi verið óhófleg. Ekki verður heldur talið að ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar veiti stefnendum sjálfstæðan rétt til að vera í félaginu, án þess að hlíta reglum þess. Hið sama gildir þótt stefnendur hafi stundað hundarækt í atvinnuskyni. Þá verður ekki talið með vísan til framangreinds að með meðferð málsins hjá stefnda og fyrir siðanefnd hafi verið brotið gegn réttindum stefnenda með þeim hætti að þær geti átt rétt á miskabótum úr hendi stefnda.

Með vísan til alls framangreinds er stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 2. mgr. 132. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnendum óskipt gert að greiða stefnda 900.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hundaræktarfélag Íslands, er sýknaður af kröfum stefnenda, A og B.

Stefnendur greiði stefnda 900.000 krónur í málskostnað.